FRÉTTABLAÐIÐ
206. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 5. SEPTEMBER 2019



**Boris Johnson tapaði aftur í breska þinginu.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Felldu tillögu um kosningar

**BRETLAND** Tillaga Boris Johnson, forsætisráðherra um kosningar þann 15. október fékk ekki brautargengi. Tvo þriðju þingheims þurfti til en aðeins 298 af 650 þingmönnum studdu tillöguna. Tæplega helmingur kaus ekki.

Hiti var í þingmönnum og harðorð lygabrigsl gengu manna á milli. Þingforseti þurfti margoft að stilla til friðar og hvetja þá til að hafa hemil á orðum sínum. Vakti ræða Kenneths Clarke, fyrrverandi fjármálaráðherra, athygli en hann var sérstaklega harðorður í garð Johnsons. – **khg** / **sjá síðu 6**



**Katrín Jakobsdóttir og Mike Pence.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fjölbreytileiki í aðalhlutverki

**UTANRÍKISMÁL** Katrín Jakobsdóttir ræddi málefni hinsegin fólks og loftslagsmál við Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna, áður en hann fór af landi brott eftir heimsókn hér á landi í gær. Sjálfur lýsti hinn erlendi gestur mestum áhyggjum af umsvifum bæði Kínverja og Rússa á norðurslóðum.

Mikill viðbúnaður var í Reykjavík í gær vegna heimsóknar Pence. Öryggisgæsla var gríðarleg en einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir létu sitt ekki eftir liggja við að koma pólitískum viðhorfum Íslendinga um fjölbreytileika á framfæri við hinn íhaldssama varaforseta. – **og** / **sjá síðu 6**

# Sæti í forystu gæti orðið laust

**STJÓRNMÁL** Gera þarf breytingar í forystu Sjálfstæðisflokksins fari svo að Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður flokksins, verði skipuð dómsmálaráðherra. Áslaug hefur verið ritari Sjálfstæðisflokksins frá 2015 en samkvæmt reglum flokksins getur sitjandi ráðherra ekki gegnt stöðu ritara flokksins. Boðað hefur verið til ríkisráðsfundar kl. 16 á morgun þar sem nýr dómsmálaráðherra verður skipaður. Áslaug Arna er ein þeirra sem sterklega eru orðuð við embættið auk Brynjars Níelssonar og Birgis Ármannssonar. – **ósk** / **sjá síðu 4**




# Ólafur flaggar við öll tilefni

**SAMFÉLAG** Eftir að Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðiprófessor eignaðist fánastöng í sumar fór hann að flagga hinum ýmsu fánum við heimili sitt í Barmahlíðinni, hvenær sem tilefni gafst. „Nágrönnunum finnst þetta skemmtilegt og eru farnir að líta á þetta sem getraun dagsins,“ segir Ólafur sem er gamall skáti. Ólafur á um 50 fána og er hvergi nærri hættur að safna. Enn hefur enginn ringlaður ferðamaður bankað upp á og haldið að Barmahlíðin væri ræðismannsskrifstofa eða sendiráð. – **khg** / **sjá síðu 2**



**Ólafur Þ. Harðarson**



## Veður




Vestlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og lítilsháttar væta í flestum landshlutum. Rigning með köflum í flestum landshlutum síðdegis á morgun, síst norðanlands. Hiti 7 til 13 stig yfir daginn. SJÁ SÍÐU 24

# Skytta stendur vaktina



Gríðarleg öryggisgæsla var í kringum heimsókn Mikes Pence, varaforseta Bandaríkjanna. Eftir komuna á Keflavíkurflugvöll var ekið að Höfða þar sem Pence hitti forseta Íslands, utanríkisráðherra og borgarstjórann. Svæðið allt var víggirt og bæði íslenska lögreglan og öryggissveitir varaforsetans stóðu vaktina, þar á meðal þessi leyniskytta sem faldi sig uppi á þaki. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Segir vonbrigði að bílahlutfall hafi hækkað

**SAMGÖNGUR** Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir vonbrigði að hlutfall einkabílsins hafi hækkað. Samkvæmt nýrri greiningu Samtaka iðnaðarins hefur hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem ferðast með einkabíl hækkað úr 75 árið 2014 í 79 prósent árið 2018.

> **Undanfarin ár hafa verið miklir efnahagslegir uppgangstímar, það er segin saga að fleiri kaupa sér bíl eða bæta við sig bíl.**
>
> Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi



Samgöngumálin voru aðalmálið í síðustu sveitarstjórnarkosningum og þá sér í lagi borgarlínan. Þá hefur átakið Hjólað í vinnuna verið í gangi síðan 2008. Hjálmar segir að átakið og uppbygging hjólastíga hafi skilað sér, í dag velji um sjö prósent reiðhjól sem ferðamáta. „Þó að það komi ekki fram í þessum hlutfallstölum þá hefur verið mikil aukning í strætisvagnaferðum,“ segir Hjálmar og telur að skýringin geti falist í fækkun gangandi vegfarenda.

„Undanfarin ár hafa verið miklir efnahagslegir uppgangstímar, það er segin saga að fleiri kaupa sér bíl eða bæta við sig bíl,“ segir Hjálmar. „Þetta er sveiflukennt en það er hægt að stýra þessu.“

Markmið borgarstjórnar er að ná hlutfalli einkabílsins niður í 58 prósent árið 2030 líkt og hlutfallið er í Þrándheimi. Hjálmar segir að ellefu ár eigi að duga til þess, þá verði fyrstu leggir borgarlínunnar komnir í gagnið. – khg



Egnerssund við Þjóðleikhúsið er til umræðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rætt um sund til heiðurs Egner

**REYKJAVÍK** Ari Matthíasson þjóðleikhússtjóri óskaði eftir því við Nafnanefnd Reykjavíkurborgar að sundið næst fyrir vestan Þjóðleikhúsbygginguna fengi nafnið Egnerssund. Er það í höfuðið á norska leikskáldinu Thorbjörn Egner. Egner, sem lést árið 1990, á sérstakan sess í leikhúsinu og hefur fjöldi verka hans verið settur þar á svið, til dæmis Dýrin í Hálsaskógi og Kardemommubærinn.

Nafnanefnd gerði ekki athugasemd við tillögu Ara og vísaði henni til skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar. Var henni vísað áfram til borgarráðs. – khg

# Flaggar við öll tilefni

**Eftir að Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálafræðiprófessor eignaðist fánastöng í sumar fór hann að flagga hinum ýmsu fánum hvenær sem tilefni gafst.**

**SAMFÉLAG** Ólafur Þ. Harðarson stjórnmálaprófessor tók nýlega upp á því að flagga hinum ýmsu fánum, þjóðfánum og öðrum, við hvert tækifæri sem gefst við heimili sitt í Barmahlíðinni. Þegar hann og eiginkona hans, Hjördís Smith, fluttu inn árið 1997 var grunnur að fánastöng við húsið. „Mig hefur lengi langað í stöng og lét það loksins eftir mér í sumar þegar við hjónin áttum brúðkaupsafmæli,“ segir Ólafur.

Upphaflega ætlaði Ólafur aðeins að hafa nokkra fána á takteinum. En þegar hann frétti að félagi hans, Gunnar Svavarsson fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, ætti yfir hundrað fána breyttust áætlanirnar. Gunnar benti Ólafi á netverslun í Evrópu sem selur fána á aðeins 10 evrur, eða tæplega 1.500 krónur. „Þetta kveikti aðeins í mér,“ segir Ólafur. Hann á nú um 50 stykki.

„Ég er gamall skáti og hef lengi verið áhugamaður um fána. Eftir að ég byrjaði á þessu hef ég flaggað oft og þá við eitthvert ákveðið tilefni,“ segir Ólafur. Þegar blaðamaður talaði við Ólaf blakti fáni Víetnams við hún í Barmahlíðinni vegna þjóðhátíðardagsins þar. „Við hjónin höfum verið í Víetnam og höfum mikið dálæti á landinu.“

Enn hefur enginn ringlaður ferðamaður bankað upp á, haldandi að Barmahlíðin sé ræðismannsskrifstofa. „Nágrönnunum finnst þetta skemmtilegt og eru farnir að líta á þetta sem getraun dagsins,“ segir Ólafur og hlær.

Ólafur flaggar ekki aðeins þjóðfánum. Hann á til dæmis svarthvítan fána Sauðalitabandalagsins, sem er félagsskapur hans sjálfs og Boga Ágústssonar fréttamanns, nefnt eftir íþróttafélögunum FH og KR. Ólafur og Bogi hafa stýrt kosningavöku hjá RÚV í áratugi. „Svo hef ég náð mér í þorskafána Jörundar hundadagakonungs og íslenska fálkafánann frá 19. öld. Einnig fána Baska og Katalóníumanna á Spáni.“ Einn fáninn er erlendur víkingafáni með hrafni. „Ég ákvað strax að þetta skyldi vera fáni Hrafna-Flóka og Óðins úr ásatrúnni,“ segir Ólafur.

Þegar Ólafur er spurður hvaða fána hann haldi mest upp á segir hann erfitt að velja. „Ég held upp á þorskafánann en ég held líka mjög mikið upp á hvítbláinn, fána Einars Benediktssonar frá 1897. Hann fékk ekki að vera þjóðfáni Íslands þar sem hann þótti of líkur þeim gríska. Hann er nú fáni Ungmennafélagsins og þaðan fékk ég minn,“ segir Ólafur og brosir.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Ólafur er annar helmingur Sauðalitabandalagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Fáni Hrafna-Flóka og Óðins blaktir við hún í Barmahlíðinni.

> **Nágrönnunum finnst þetta skemmtilegt og eru farnir að líta á þetta sem getraun dagsins.**
>
> Ólafur Þ. Harðarson

Blekhylki.is




Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind




# Heimsókn Mikes Pence

Eftir að varaforsetinn og frú lentu á Keflavíkurflugvelli var fundað í Höfða. Viðbúnaður var mikill og bæði einstaklingar og fyrirtæki sendu skilaboð.








FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



HÚSASMIÐJAN
blómaval
Skoðaðu útsölublaðið á husa.is
20% • 25% • 30% • 40% • 50% • 70% • 20%
Mörg þúsund vörur á lægra verði
ÚTSALA
Allt að 70 prósent afsláttur
30 prósent afsláttur
GROHE
Handlaugartæki
Grohe Start, með lyftitappa.
7910800
9.795kr
13.995kr
Allt að 30 prósent afsláttur
BLACK+DECKER
HiKOKI
Rafmagnsverkfæri
30 prósent afsláttur
Matarstell, glös og könnur
Allt að 50 prósent afsláttur
Borðplötur og sólbekkir
Allt að 30 prósent afsláttur
JOTUN
Málning
Allt parket 25-40 prósent afsláttur
Allt að 70 prósent afsláttur
Valdar flísar, lagersala Skútuvogi
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.
36 prósent afsláttur
Orf
43CC tvígengismótor, 430 mm sláttubreidd með línu, 250 mm sláttubreidd. Haus: Tap'n go, 2,4 mm lína, V-hald, beint skaft, þyngd 7.8 kg.
5085493
17.995kr
27.995kr
50 prósent afsláttur
Handsög
Pilana, 500 mm.
5001651
595kr
1.195kr
40 prósent afsláttur
Verkfærataska
Caliber 18"
5024496
1.437kr
2.395kr
28 prósent afsláttur
Erika/Calluna, 3 stk. að eigin vali
1.290kr
1.797kr

# Nýr ráðherra skipaður á morgun og ritarastaðan gæti losnað

**STJÓRNMÁL** Nýr dómsmálaráðherra verður kynntur í síðasta lagi á ríkisráðsfundi á morgun klukkan fjögur. Þingflokki Sjálfstæðisflokksins verður tilkynnt hver verður skipaður ráðherra stuttu áður. Þau nöfn sem helst hafa verið nefnd eru þingflokksformaðurinn Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir og þingmaðurinn Brynjar Níelsson. Öll löglærð.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, varaformaður flokksins, hefur tímabundið setið í stóli dómsmálaráðherra síðan Sigríður Andersen steig til hliðar vegna dóms Mannréttindadómstóls Evrópu um að skipan dómara við Landsrétt bryti gegn ákvæðum Mannréttindasáttmálans. Ákvörðun um hvort taka skuli Landsréttarmálið fyrir í efri deild Mannréttindadómstóls Evrópu verður tekin í Strassborg á mánudag og kynnt á þriðjudag.


Birgir Ármannsson. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir. Brynjar Níelsson.

Ef Áslaug verður skipuð ráðherra dómsmála þarf hún að segja sig úr forystu flokksins þar sem hún gegnir starfi ritara, en kveðið er á um það í reglum flokksins. Flokksráðsfundur hefur verið boðaður um miðjan mánuð þar sem hægt væri að kjósa um nýjan ritara. – **ósk**

> **Ef Áslaug Arna verður skipuð ráðherra dómsmála þarf hún að segja sig úr forystu flokksins.**


**Haraldur Johannessen er ríkislögreglustjóri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Stjórnsýslan hjá Haraldi skoðuð

**STJÓRNSÝSLA** Bílamiðstöð ríkislögreglustjóra verður lögð niður um áramót. Þetta kom fram í kvöldfréttum RÚV í gær. Hefur dómsmálaráðuneytið óskað eftir því að Ríkisendurskoðun geri heildarúttekt á Embætti ríkislögreglustjóra en mikill ólestur í rekstri Bílamiðstöðvarinnar er sagður gefa ástæðu til slíkrar úttektar.

Fréttablaðið greindi fyrst frá því í vor að mikillar óánægju gætti hjá lögregluumdæmum landsins með rekstur Bílamiðstöðvarinnar sem hefur verið starfrækt hjá Ríkislögreglustjóra frá aldamótum. Markmið reksturs hennar var aukin hagkvæmni með sameiginlegum rekstri bílaflota allra lögregluumdæma landsins. Það markmið mun hafa snúist upp í andhverfu sína og leiguverðið sem embættin greiða fyrir bílana hefur hækkað svo úr hófi að ekkert samræmi sé lengur á milli raun- og rekstrarkostnaðar og fjárhæðanna sem renni til Bílamiðstöðvarinnar frá lögregluembættunum. – **aá**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á **www.frettabladid.is#nyskraning**
Það kostar ekkert.

# Sameiningarmál verða mjög fyrirferðarmikil á aukaþingi

**Á morgun fer fram sérstakt aukalandsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fjallað verður um stefnumörkun stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga. Formaður sambandsins á von á hreinskiptnum og góðum umræðum en segist skilja að skiptar skoðanir séu meðal sveitarstjórnarfólks um sameiningar.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þetta er auðvitað í fyrsta skipti sem lögð er fram svona metnaðarfull stefnumörkun í málefnum sveitarfélaga. Þótt tillögur ráðherrans lúti að fleiri atriðum en sameiningu sveitarfélaga hefur tillagan um lágmarksíbúafjölda fengið langmesta athygli og skapað mestar umræður,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Sérstakt aukalandsþing sambandsins verður haldið á morgun en þar verður fjallað um stefnumótandi áætlun stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga. Drög að þingsályktunartillögu um stefnuna voru kynnt um miðjan ágúst. Þar er meðal annars að finna tillögur um að frá og með sveitarstjórnarkosningum 2022 verði lágmarksíbúafjöldi í sveitarfélagi 250 og eitt þúsund frá kosningunum 2026.

Er meðal annars gert ráð fyrir allt að 15 milljarða króna stuðningi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sameininga. Nú hafa drög að reglum um úthlutun styrkja vegna sameininga verið gerð. Hvert sveitarfélag getur séð nákvæmlega hvernig framlög til þeirra gætu orðið miðað við tillögurnar.

„Það er auðvitað mjög mikilvægt að sveitarstjórnarfólk vítt og breitt um landið geti haft þetta til hliðsjónar þegar möguleikar á sameiningum eru skoðaðir. Ég man ekki eftir að hafa áður séð svona ítarlegar útfærslur og jafn mikla fjármuni sem ríkisvaldið er tilbúið að setja í sameiningarverkefni,“ segir Aldís.

Hún segir sambandið þó leggja mikla áherslu á að hér muni verða um viðbótarfjármuni inn í Jöfnunarsjóð að ræða. Samkvæmt drögum að reglum um stuðning til að greiða fyrir sameiningu fá öll sveitarfélög 100 milljón króna styrk til að stuðla að endurskipulagningu þjónustu og stjórnsýslu.


**Næsta sameining gæti orðið milli fjögurra sveitarfélaga á Austurlandi. Djúpivogur er eitt þeirra en kosið verður í lok október.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Framlög til skuldajöfnuðar, sem eru reiknuð út frá skuldahlutfalli, geta að hámarki orðið 400 milljónir. Þá verður sérstakt byggðaframlag veitt þeim sveitarfélögum þar sem íbúafjölgun hefur verið undir árlegu meðaltali á landsvísu sem getur mest orðið 200 milljónir.

Aldís segir að eðlilega séu skiptar skoðanir meðal sveitarstjórnarfólks þegar kemur að tillögum um lágmarksíbúafjölda.

„Það eru alls konar sjónarmið uppi. Þetta snýst um tilfinningar, fjárhagslega hagsmuni, aðstöðu og landfræðilegar staðreyndir. Þarna erum við auðvitað að tala um mjög stórt og viðamikið mál og mikla stefnubreytingu,“ segir Aldís.

> **Ég man ekki eftir að hafa áður séð svona ítarlegar útfærslur og jafn mikla fjármuni sem ríkisvaldið er tilbúið að setja í sameiningarverkefni.**


Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Hún segist eiga von á góðum og hreinskiptnum umræðum á þinginu á morgun. „Ég vona svo sannarlega að sveitarstjórnarfólk beri gæfu til að hugsa til framtíðar. Með hvaða hætti við getum brugðist við þeirri þróun sem er óumflýjanleg og þeim áskorunum sem framtíðin felur í sér.“

Þá þurfi að horfa til þátta eins og fjórðu iðnbyltingarinnar og þeirra tækninýjunga sem séu að verða að veruleika. Þeirri þróun fylgi alls konar möguleikar fyrir landsbyggðina sem sterk og öflug sveitarfélög verði að geta nýtt sér eigi þau að dafna til framtíðar.

„Ég held að það sé erfitt að færa rök fyrir því að til langrar framtíðar séu sveitarfélög, sem hafa jafnvel innan við 100 íbúa, fær um að sinna þeim verkefnum sem þeim ber til að hægt sé að veita íbúum þessa lands tiltölulega sambærilega þjónustu, sama hvar er.“

**sighvatur@frettabladid.is**



ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep THERE'S ONLY ONE


Herra
lagerinn
outlet
Troðfull verslun af
merkjavöru
40%
50%
afsláttur af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)
BOSS
HUGO BOSS
SAND
COPENHAGEN
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
EMPORIO
ARMANI
eterna
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
CORNELIANI
FINUCCI
bugatti
JACOB COHËN
TINO COSMA
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD




FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Bjargaði mannslífi um borð í flugvél Icelandair** Hlynur Davíð Löve og hjúkrunarfræðingur um borð í flugvél frá Spáni höfðu skjót handtök þegar maður veiktist.

**2 Tveir handteknir eftir að kveikt var í bandaríska fánanum** Mótmælendum var heitt í hamsi vegna komu Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna.

**3 Tveir á slysadeild eftir árekstur lögreglubíls og fólksbíls á Miklubraut** Vitni segja bílana hafa verið illa farna eftir áreksturinn.

**4 Rikka hætt hjá Árvakri** Fjölmiðlakonan Friðrika Hjördís Geirsdóttir sér ekki lengur um ferðavef mbl.is.

**5 „Ég hef aldrei áður hitt borgarstjóra á hjóli“** Yfirmaður öryggismála Mike Pence varaforseta efaðist um að Dagur væri alvöru borgarstjóri.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**



**Dorian stefnir að Suður-Karólínu.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Dorian stefnir á Suður-Karólínu

**BANDARÍKIN** Fellibylurinn Dorian er að auka hraðann á leið sinni að austurströnd Bandaríkjanna. Dorian er á norðurleið og gert er ráð fyrir að hann skelli á strönd Suður- og Norður-Karólínu á morgun. Hann olli mikilli eyðileggingu á Bahamaeyjum þar sem minnst fimm létu lífið. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna telur að minnst 61 þúsund þurfi á matvælaaðstoð að halda.

Þúsundum hefur verið gert að yfirgefa heimili sín í Flórída og Georgíu. Yfirvöld í Suður-Karólínu búa sig undir verstu flóð í 30 ár. **– ab**

# Varar við Rússum og Kínverjum

Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna, voru samskipti Íslands við Kínverja ofarlega í huga á blaðamannafundum í heimsókn sinni hér á landi. Íslendingum var aftur á móti fjölbreytileiki efst í huga.



**Pence fundaði með forseta Íslands og utanríkisráðherra í Höfða í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**UTANRÍKISMÁL** Varaforseti Bandaríkjanna, Mike Pence, þakkaði Íslendingum sérstaklega fyrir að hafa ekki þegið aðstoð Kínverja í hinu svokallaða belta- og brautarverkefni sem þeir standa fyrir, á blaðamannafundi eftir heimsókn sína í Höfða í gær. Ljóst er að erindi heimsóknar hans má ekki síst rekja til aukins áhuga Rússa og Kínverja á svæðinu eins og varaforsetinn minntist sjálfur á. Katrín Jakobsdóttir lét þess getið á blaðamannafundi með Pence í gærkvöldi að þátttöku Íslands í umræddu verkefni hefði ekki beinlínis verið hafnað heldur hefði ekki verið opnað á samskipti við Kínverja um það. Þá sagði Katrín Íslendinga hafa meiri áhyggjur af loftslagsbreytingum á norðurslóðum en Rússum.

Gríðarlegur viðbúnaður sérsveitar lögreglunnar var í Reykjavík og nágrenni í gær á vegum viðbragðsaðila og fundu margir fyrir töfum á umferð á meðan á sjö klukkustunda langri heimsókn varaforsetans stóð.

Komu Pence, og þá sérstaklega íhaldssömum viðhorfum hans, var víða mótmælt í borginni í gær.

Í nágrenni fundarstaðarins Höfða reið Advania á vaðið og dró regnbogafána að húni við höfuðstöðvar sínar. Önnur fyrirtæki og stofnanir fylgdu fordæminu og þegar fundarhöld hófust hafði skjaldborg regnbogafána verið mynduð um Höfða.

Tveir voru handteknir vegna fánabrennu í nágrenni Höfða en mótmæli fóru að öðru leyti friðsamlega fram.

Á fundi sínum með varaforsetanum lýsti Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, vonum sínum til þess að varaforsetinn fengi að kynnast Íslendingum og þeim gildum sem hér eru í hávegum höfð, eins og frelsi og fjölbreytileika.

Pence lýsti áhyggjum Bandaríkjamanna af áhrifum bæði Kínverja og Rússa á norðurheimskautinu.

„Það er ekki spurning að Kína er að verða öflugra á norðurheimskautinu, bæði efnahagslega og í hernaðarlegu tilliti,“ sagði Pence og sagði það sama gilda um Rússa. „Núna er tíminn til að styrkja bandalag okkar og okkar samstarf í öryggismálum.“

Þá varaði Pence Íslendinga sérstaklega við kínverska tæknirisanum Huawei. Bandarísk stjórnvöld hafa meðal annars sjálf meinað bandarískum fyrirtækjum og stofnunum að eiga í viðskiptum við tæknirisann. Fyrirtækið kemur meðal annars að uppbyggingu á 5G neti hérlendis og hefur forstjóri fyrirtækisins áður hafnað ásökunum um njósnir í samtali við Fréttablaðið.



**Fyrirtæki og stofnanir í nágrenninu slógu fjölbreytileikaskjaldborg um Höfða meðan á heimsókn Pence stóð þar í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ég hvatti Íslendinga einnig til að taka tillit til vandamálanna sem því fylgja þegar sérhver frjáls þjóð notar tæki frá Huawei. Huawei er kínverskt fyrirtæki sem samkvæmt kínverskum lögum neyðist til að afhenda öll gögn sem það sækir til kínverskra yfirvalda og kommúnistaflokksins,“ sagði Pence. Hann sagðist hafa hvatt utanríkisráðherra Ísland til að taka afstöðu með Bandaríkjunum og hafna umræddri tækni.

**Ég hvatti Íslendinga einnig til að taka tillit til vandamálanna sem fylgja því þegar sérhver frjáls þjóð notar tæki frá Huawei.**

Mike Pence, varaforseti Bandaríkjanna.

Inntur eftir því hvort það hefðu verið mistök að loka herstöðinni í Keflavík árið 2006 svaraði Pence því ekki beint. Hann sagðist hins vegar myndu spjalla við starfsfólk á herstöðinni og greina Donald Trump Bandaríkjaforseta frá gangi mála. Þá sagðist hann ætla að ræða herstöðina frekar við forsætisráðherra. Sjálf hafði Katrín Jakobsdóttir ekki síður áhuga á að ræða hinsegin- og jafnréttismál á fundi þeirra.

**odduraevar@frettabladid.is**

KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

# Kosningatillaga Boris felld í þinginu



**Johnson var tvisvar sigraður í gær.** NORDICPHOTOS/AFP.

**BRETLAND** Boris Johnson forsætisráðherra kallaði í gær eftir að þingið yrði leyst upp og kosningar yrðu haldnar þann 15. október, aðeins tveimur vikum fyrir áætlaða útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Náði tillagan ekki þeim tveimur þriðju hlutum þingheims sem þurfti til. 298 kusu með en 56 voru á móti. Um helmingur þingmanna kaus ekki.

Hiti var í þingmönnum og harðorð lygabrigsl gengu manna á milli. Þingforseti þurfti margoft að stilla til friðar og hvetja þá til að hafa hemil á orðanotkun sinni. Vakti ræða Kenneth Clarke, fyrrverandi fjármálaráðherra, athygli en hann var sérstaklega harðorður í garð Johnsons.

Clarke var einn þeirra 21 þingmanna sem Johnson rak, ef svo má segja, úr Íhaldsflokknum á þriðjudagskvöld. Hann situr nú sem óháður þingmaður eins og Nicholas Soames, barnabarn Winstons Churchill, og hinir sem voru reknir úr flokknum.

Fyrr um daginn var kosið um frumvarp Jeremys Corbyn þess efnis að þvinga forsætisráðherra til að sækja um frekari útgöngufrest. Var sú tillaga samþykkt með 329 atkvæðum gegn 300.

Þá var einnig samþykkt að reyna að koma síðasta samningi Theresu May, fyrrverandi forsætisráðherra, á borðið í Brussel. **- khg**




Mótmælendur söfnuðust saman við breska þinghúsið í gær til að mótmæla útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Á skilti mótmælandans stendur „Meiri lygar fyrir drottninguna“.




Starfsmenn Thames-vatnsveitunnar, sem er stærsta vatnsveita Bretlands, dæla vatni úr holræsi á Oxfordstræti í Lundúnum í gær.




Leikarinn og Íslandsvinurinn Stellan Skarsgård mætti á kvikmyndahátíðina í Feneyjum á Ítalíu í gær. Hátíðin er nú haldin sjötugasta og sjötta sinn. NORDICPHOTOS/GETTY



Fyrirsætur á „tískupallinum“ á sýningu David Jones á tískuvikunni í Sydney í Ástralíu. Tískupallurinn sem notaður var að þessu sinni er við rúllustiga í verslun Davids Jones.



Fjöldi fólks þurfti að vaða götur Mumbai á Indlandi í gær en miklar hitabeltisrigningar eru á svæðinu. Regntímabilið í Mumbai varir frá júní og út september.




NÝJASTI **MON GUERLAIN** ILMURINN ER KOMINN Í **HAGKAUP**
KRINGLAN - SMÁRALIND - GARÐABÆR - SKEIFAN


Ólafur D. Torfason.

## 14 milljarða króna eigið fé

ÓDT Ráðgjöf, félag í eigu Ólafs D. Torfasonar, stofnanda Íslandshótela, var með 14 milljarða í eigið fé í árslok 2018. Eignir félagsins námu 14.158 milljónum og eiginfjárhlutfallið 99 prósentum. ÓDT Ráðgjöf hagnaðist um 1.304 milljónir á síðasta ári samanborið við 323 milljónir 2017.

Langstærsta eign félagsins er ein stærsta hótelkeðja landsins, Íslandshótel, sem rekur sautján hótel um allt land, þar af sex í Reykjavík. Keðjan hagnaðist um 1.430 milljónir á síðasta ári. – þfh

## Vanguard með 700 milljóna hlut í Marel

Vanguard, stærsta fyrirtækið í stýringu verðbréfasjóða í Bandaríkjunum, var á meðal þátttakenda í útboði Marel sem lauk í júní en sjóður í stýringu félagsins – Vanguard International Explorer Fund – á tæplega 1,2 milljónir hluta í fyrirtækinu sem er metið á um 700 milljónir miðað við núverandi hlutabréfaverð. Þetta má sjá í nýju árshlutauppgjöri en í lok júní átti sjóður félagsins sem nemur 0,15 prósenta hlut í Marel.

**Frá 2018 hefur hlutur erlendra fjárfesta aukist úr 3 prósentum í 30 prósent.**

Þá hefur sjóður í stýringu Columbia Threadneedle – European Smaller Companies Fund – bæst við hluthafahóp Marel, að því er fram kemur í bréfi til sjóðfélaga í júlí. Ekki er að finna upplýsingar um hversu stór hlutur sjóðsins er. – hae

# Bílaumboðin í stakk búin til að takast á við niðursveiflu

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, segir að í 18 mánuði af síðustu 19 hafi bílasala dregist saman. Jón Trausti Ólafsson, formaður Bílgreinasambandsins og framkvæmdastjóri Öskju, segir að bílasala á fyrri hluta árs 2018 hafi gengið afar vel. Aftur á móti hafi skarpur samdráttur orðið á seinni helmingi ársins.


Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Afkoma fimm stóru bílaumboðanna var nokkuð ólík í fyrra. Rekstur BL og Toyota gekk vel en harðara var í ári hjá Brimborg, Heklu og Öskju, eins og sjá má á meðfylgjandi töflu. Umtalsverður samdráttur er á milli áranna 2017 og 2018 enda var met slegið í bílasölu árið 2017.

Jón Trausti Ólafsson, formaður Bílgreinasambandsins og framkvæmdastjóri Öskju, segir að bílasala á fyrri hluta árs 2018 hafi gengið afar vel. Aftur á móti hafi skarpur samdráttur orðið á seinni helmingi ársins. Hann megi rekja til þess að fólk hélt að sér höndum því verkalýðsforystan krafðist umtalsverðra launahækkana en kjarasamningar voru lausir. Það skapaðist því mikil óvissa um framvindu mála í efnahagslífinu og sömuleiðis hafi ríkti óvissa um hvort rekstri WOW air yrði haldið áfram.

Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, segir að samdráttinn hafi hafist í febrúar 2018, hann hafi aukist um sumarið og svo kom dýfa í september. Á þeim tíma hafi gengi krónu sömuleiðis veikst sem dragi almennt úr bílasölu. Í 18 mánuði af síðustu 19 hafi bílasala dregist saman.

Brimborg tapaði 368 milljónum króna árið 2018 og gekk reksturinn verst af bílaumboðunum fimm sem umfjöllunin nær til. Egill segir að árið hafi verið strembið. Hann rekur tapið til erfiðleika í bílasölu, mikilla fjárfestinga við opnun nýrra höfuðstöðva Veltis í Hádegismóum, sem er atvinnutækjasvið fyrirtækisins, og kostnaðar við flutningana, fækkunar í flota bílaleigu fyrirtækisins og ríkulegra fjárfestinga í tölvukerfum og sjálfvirknivæðingu.


Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju, er bjartsýnn á sölu bíla árin 2020-2022. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Afkoma bílaumboða**
Fjárhæðir eru í milljónum króna

| | Askja | | BL | | Brimborg | | Hekla | | Toyota* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2017 | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 | 2018 | 2017 | 2018 |
| Tekjur | 15.772 | 15.142 | 26.460 | 26.857 | 20.744 | 21.348 | 16.348 | 16.978 | 32.214 | 26.701 |
| Hagnaður | 368 | 12 | 1.378 | 487 | 260 | -368 | 140 | -25 | 1.409 | 581 |
| Eigið fé | 1.223 | 1.235 | 4.284 | 3.771 | 2.267 | 2.068 | 1.665 | 1.570 | 2.309 | 2.490 |
| Eignir | 6.809 | 6.272 | 8.918 | 9.459 | 11.469 | 11.708 | 6.264 | 5.260 | 8.827 | 8.668 |
| Arðsemi eiginfjár | | 1% | | 12% | | -17% | | -2% | | 24% |
| Eiginfjárhlutfall | 18% | 20% | 48% | 40% | 20% | 18% | 27% | 30% | 26% | 29% |

**Heimild:** Ársreikningar

*Ársreikningar TK Bíla og Toyota á Íslandi eru lagðir saman. Annað félagið flytur bílana inn og hitt selur og þjónustar þá í Kauptúni.

Hann segir að reksturinn í ár gangi betur. Tekjur atvinnutækjasviðsins hafi vaxið mikið eftir að flutt var í hentugra húsnæði og viðsnúningur sé hjá bílaleigunni. Velta bílaleigunnar sé hin sama og í fyrra þrátt fyrir að bílum í flotanum hafi fækkað um 30 prósent og starfsmönnum fækkað. Engu að síður sé þjónustustigið jafn gott og áður sem þakka megi sjálfvirknivæðingu.

Jón Trausti segist vera ánægður með að Askja hafi verið rekin með 12 milljóna króna hagnaði árið 2018 í ljósi markaðsaðstæðna. „Reksturinn í ár er sömuleiðis krefjandi. Það er áframhaldandi samdráttur í bílasölu á þessu ári. Reikna má með að hann muni nema 35 til 40 prósentum. Ég er hins vegar nokkuð bjartsýnn á árin 2020 til 2022. Það er mikil þörf á endurnýjun bíla og það verður kominn betri taktur í efnahagslífið þegar ýmissi óvissu varðandi ferðaþjónustuna hefur létt."

Hann segir að bílasala hafi gengið afar vel á árunum 2015-2017. Bílaumboðin hafi á þeim árum hagað rekstrinum með þeim hætti að safnast hafi upp sterkt eigið fé. Fyrirtækin standi því traustum fótum og geti því mætt þeirri ágjöf sem fylgir minni bílasölu. „Það hafa alltaf verið miklar sveiflur í bílasölu, þær eru hluti af okkar veruleika."

Jón Trausti vekur athygli á að Askja hafi aldrei greitt arð heldur fjárfest fyrir hagnaðinn í innviðum til að geta þjónustað viðskiptavini betur. Fyrirtækið hafi til dæmis nýlega byggt tvö fullbúin bílaverkstæði á Krókhálsi sem og nýjan sýningarsal fyrir KIA sem var opnaður í janúar.







Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er til og með 12. september, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Það sem er notað verður nýtt

**Endursölumarkaðurinn blómstrar og er að breyta því hvernig fólk verslar. Sífellt fleiri kaupa notuð föt og hefur viðhorfið til þess breyst. Hægt er að spara með því að kaupa notað og skipta hraðar um í fataskápnum með endursölu. Neytendur hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi.**

Inga Rún Sigurðardóttir
ingarun@frettabladid.is



Verslun með notuð föt er að aukast mjög á heimsvísu og er sannarlega líf í tuskunum á þessum markaði. Í skýrslu thredUP, stærsta söluaðila notaðs fatnaðar á netinu, segir að á síðastliðnum þremur árum hafi endursölumarkaðurinn stækkað margfalt hraðar en hraðtískumarkaðurinn. Endursölumarkaðurinn mun því taka fram úr hraðtískunni (H&M, Zara, Primark o.fl.) á næstu árum ef vöxturinn heldur áfram.

Sífellt fleiri eru tilbúnir til að kaupa notuð föt og viðhorfið til þess hefur algjörlega breyst á örfáum árum. Það hefur ekki þótt fínt að versla á flóamörkuðum en endursölumarkaðurinn er að breyta viðhorfinu til notaðs fatnaðar. Þar er fötunum stillt upp eins og í hefðbundnari verslunum og búið er að sigta það besta úr enda er það vænlegast í endursölu. Magnið sem flutt er til landsins af fatnaði er mikið og hefur það aukist um 50% frá árinu 2014; árið 2018 voru flutt inn tæp 4.890 tonn af fatnaði (skór ekki meðtaldir). Þannig að það er af nógu að taka fyrir endursölu.

Hérlendis hefur endursölumarkaðurinn sprungið út á þessu ári og hafa nokkrar verslanir verið opnaðar; Trendport á Nýbýlavegi og Extraloppan í Smáralind eru þar mest áberandi. Barnaloppan var opnuð í Skeifunni í fyrra og síðar í haust verður önnur verslun með endursölu á barnafatnaði opnuð, Barnabazaar í Kringlunni. Tíðindin í þessu eru að verslanir með notaðar vörur í endursölu séu opnaðar í verslunarmiðstöðvum við hlið hefðbundinna fataverslana; það setur þær á sama stall og aðrar búðir og einnig hjálpar að aðgengi er gott og staðsetningin hjálpar til við að ná til nýrra viðskiptavina, sem ef til vill voru ekki opnir fyrir því áður að kaupa notuð föt.

**74%**

**í aldurshópnum 18-29 ára kjósa að versla heldur við fatamerki sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi.**

### Hagstætt og umhverfisvænt

Barnaloppan hreinlega iðaði af lífi þegar blaðamaður heimsótti hana og í afgreiðslunni hljómar svarið: „Þetta er alltaf svona.“ Blaðamaður ræddi við nokkrar konur sem voru með bása og þær voru allar sam-

Framhald á síðu 12

## Viðhorfið breyst mikið á skömmum tíma

Stefán Svan Aðalheiðarson hefur langa reynslu af fataverslun en hann rekur Stefánsbúð/p3 við Ingólfsstræti ásamt Dúsu Ólafsdóttur þar sem bæði ný merkjavara og notuð er til sölu.

*Kaupir fólk merkjavöru meðal annars vegna þess að það veit að það getur frekar selt vöruna seinna?*

„Þetta er fjárfesting sem tapar ekki endilega verðgildi sínu. Þetta er ekki trendmiðað heldur snýst um vöru sem er alltaf falleg og fólk ber virðingu fyrir,“ segir hann um merkjavöru þar sem um er að ræða gæðaframleiðslu og -efni. Hann segir að það sé misjafnt eftir hlutum hversu endursöluvænir þeir séu, en töskur skori hátt.

*Finnst þér viðhorfið til þess að kaupa notað hafa breyst?*

„Já, mjög mikið. Það eru þrjú ár síðan við byrjuðum að versla með notaða merkjavöru og ég hef aldrei eða mjög sjaldan heyrt einhvern sýna henni minni áhuga en öðru. En fyrir nokkrum árum man ég eftir að hafa heyrt út undan mér fólk úr þessum sama hópi lýsa því að það að kaupa notað væri eitthvað sem það myndi aldrei gera,“ segir hann og vísar í umræðu um lykt og annað sem eigi þá ef til vill við á flóamarkaði en að endursölumarkaðurinn sé öðruvísi.

### Ekki eins og flóamarkaður

„Ég held að miklu fleiri séu sem betur fer farnir að pæla líka í umhverfisáhrifunum. Við erum að versla hér bæði með nýja og notaða vöru og þetta hefur farið rosalega vel saman. Mér finnst allir hafa verið mjög jákvæðir. Upplifunin er, að öðru ólöstuðu, ekki eins og að fara á flóamarkað,“ segir hann um að kaupa notað í Stefánsbúð/p3.

Sjálfur stofnaði hann fyrir um fimm árum Facebook-síðuna „Merkjavara föt, skór & aukahlutir“. „Ég byrjaði með þetta því mig vantaði sjálfan að selja föt en núna eru inni á henni um 25.000 manns. Hún er mjög virk. Þetta var sett upp fyrir fólk til að selja sjálft, engir milliliðir heldur fyrir fólk sem er að taka til og selja.“

**Það þykir ekki lengur fínt að vera einhver Imelda Marcos og eiga 4.000 skópör. Fataherbergi og stórir skápar hafa ekki eins mikið að segja í dag.**

Stefán Svan Aðalheiðarson



Þegar hann stofnaði sölusíðuna var viðhorfið annað.

„Ég var beðinn um að selja fyrir fólk, sem ég ætla ekki segja að skammaðist sín, en það vildi ekki að aðrir vissu að það væri að selja. Ég held að það sé að breytast,“ segir hann og útskýrir að það hafi orðið mikil viðhorfsbreyting á skömmum tíma.

### Gaman að finna gullmola

Honum finnst fólk líka eiga auðveldara með að losa sig við hluti núna og það geti þá hugsað sér að það fari til einhvers sem geti notað þá. Fólk sé að skera á tilfinningaböndin og vilji ekki lengur geyma allt.

„Það þykir ekki lengur fínt að vera einhver Imelda Marcos og eiga 4.000 skópör. Fataherbergi og stórir skápar hafa ekki eins mikið að segja í dag,“ segir hann.

Hann kaupir sjálfur notað og hefur gert það frá því að hann var unglingur.

„Ég held að fólki finnist bara mjög smart að geta sagt „ég keypti þetta notað“. Það er líka gleði og stolt sem fylgir því að hafa fundið einhvern gullmola.“




WWW.BILALAND.IS
Tilboðsbílar á góðu verði
ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR
Við trúum á traust og áreiðanleika í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.
AFSLÁTTUR 400.000 KR.
Rnr. 146183
CHEVROLET Volt
Nýskr. 01/12, ekinn 66 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 1.990.000 kr.
TILBOÐ! 1.590.000 kr.
20.189 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*
AFSLÁTTUR 400.000 KR.
Rnr. 146047
RENAULT Megane IV Zen
Nýskr. 05/16, ekinn 96 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 1.890.000 kr.
TILBOÐ! 1.490.000 kr.
18.943 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*
AFSLÁTTUR 400.000 KR.
Rnr. 392046
SUZUKI SX4 GLX
Nýskr. 07/13, ekinn 75 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð 1.690.000 kr.
TILBOÐ! 1.290.000 kr.
16.451 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*
AFSLÁTTUR 400.000 KR.
Rnr. 391914
SKODA Octavia Ambition
Nýskr. 01/14, ekinn 89 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð 1.990.000 kr.
TILBOÐ! 1.590.000 kr.
20.189 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*
AFSLÁTTUR 400.000 KR.
Rnr. 145880
DACIA Duster 4x4
Nýskr. 06/16, ekinn 98 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 1.890.000 kr.
TILBOÐ! 1.490.000 kr.
18.943 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*
AFSLÁTTUR 300.000 KR.
Rnr. 332051
HYUNDAI i10 Comfort
Nýskr. 05/14, ekinn 75 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð 1.090.000 kr.
TILBOÐ! 790.000 kr.
10.220 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*
AFSLÁTTUR 400.000 KR.
Rnr. 145809
NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 06/17, ekinn 25 þ.km, dísil, sjálfskiptur
Verð 4.790.000 kr.
TILBOÐ! 4.390.000 kr.
55.078 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*
AFSLÁTTUR 400.000 KR.
Rnr. 430427
RENAULT Kadjar Zen 2wd
Nýskr. 09/16, ekinn 61 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 2.890.000 kr.
TILBOÐ! 2.490.000 kr.
31.403 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*
AFSLÁTTUR 700.000 KR.
Rnr. 121667
HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 11/15, ekinn 58 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.390.000 kr.
TILBOÐ! 3.690.000 kr.
46.356 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*
AFSLÁTTUR 500.000 KR.
Rnr. 331961
NISSAN Qashqai Tekna 4wd
Nýskr. 05/15, ekinn 94 þ.km, dísil, beinskiptur.
Verð 2.490.000 kr.
TILBOÐ! 1.990.000 kr.
25.173 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*
ENNEMM / SÍA / NM95553
Ástandsskoðun
Fjármögnun á staðnum
Allt að 80% lán
Lykill
Rnr. 110253
TOYOTA Yaris Hybrid Blue
Nýskr. 06/19, ekinn 2 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.290.000 kr.
Rnr. 146229
SUBARU Outback LUX Eyesight
Nýskr. 10/17, ekinn 67 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.790.000 kr.
Rnr. 110229
KIA Ceed LX
Nýskr. 07/18, ekinn 26 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.290.000 kr.
Rnr. 110166
HYUNDAI Tucson Classic 4wd
Nýskr. 06/18, ekinn 65 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.890.000 kr.
Rnr. 121707
HYUNDAI i30 Premium
Nýskr. 05/18, ekinn 20 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 3.790.000 kr.
Opið frá kl. 9–18 alla virka daga
og laugardaga frá kl. 12–16
*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaána frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.
Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
bílaland

# TILVERAN




**40%**

**neytenda velta fyrir sér endursöluvirði hlutar áður en þeir kaupa hann sem er nærri tvöföldun frá því fyrir fimm árum.**

**51%**

**neytenda stefnir á að eyða meiru í notaðar vörur á næstu fimm árum.**

Framhald af síðu 10

mála um að salan hefði gengið virkilega vel. Kaupendurnir eru sáttir enda gera þeir góð kaup á oftar en ekki góðum vörum. Flest fötin eru á yngri börn og fékk blaðamaður að heyra að margir keyptu nú frekar vandaðri vörur á börnin sín til að geta frekar selt þær áfram; fatnaður frá þekktari barnavörumerkjum endist yfirleitt lengur og selst því betur og á hærra verði. Ástæðan fyrir því að fólk bæði selur og kaupir í endursölubúðum er ekki bara að það sé hagstætt heldur tala þeir sem blaðamaður spjallaði við um að þetta sé gott fyrir umhverfið. Umhverfismál hafa komist rækilegar á dagskrá en nokkru sinni áður að undanförnu og endurspeglar þetta það.

Fyrir utan endursölubúðir eru verslanir með notuð föt, til dæmis Spútnik og Wasteland, þar sem búið er að velja úr fatnað sem er í tísku hverja stundina. Þannig er hægt að tolla í tískunni án þess að eiga nákvæmlega það sama og aðrir. Nytjamarkaðir Rauða krossins eru víða um land en til viðbótar eru ýmis samtök eins og ABC Barnahjálp og Hjálpræðisherinn með búðir sem flestir þekkja.

### Tækifæri í endursölu

Til viðbótar er H&M og & Other Stories með tilraunaverkefni í gangi í Svíþjóð þar sem notaðar vörur eru seldar á netinu. Eigendurnir segja þetta vera hluta af framtíðarsýn sinni og að þarna séu tækifærin; hægt sé að lengja líf varanna sem eru seldar í verslununum og minnka umhverfisáhrifin. Búast má við að fleiri hefðbundnar verslanir byrji með endursölu á fatnaði.

Fjölmargar sölusíður eru á Facebook en ný netviðbót er Netportid.is, netverslun með notuð föt sem opnuð var í júní. Markmið vefsins er „að minnka fatasóun og stuðla að verndun náttúrunnar“. Vefurinn thredup.com er sá stærsti á heimsvísu með notuð föt en þar bætast fimmtán þúsund gripir við vefinn á hverjum degi.

### Vilja úrvalið

Það er einmitt þetta úrval sem viðskiptavinir fataverslana sækjast eftir í dag. Aldurshópurinn 18-37 ára er opnari en aðrir aldurshópar fyrir því að kaupa notað. Því er spáð að einn af hverjum þremur af Z-kynslóðinni (fólk fætt frá miðjum tíunda áratug síðustu aldar fram á fyrsta áratug þessarar aldar) kaupi notað árið 2019.

Þetta er hópur sem ólst upp á samfélagsmiðlum og hefur gaman af Instagram. Þar er ákveðin tíska að sýna myndir af sjálfum sér í nýjum fötum á hverri mynd en á sama tíma er þessi hópur meðvitaður um sjálfbærni og umhverfisvæn fyrirtæki höfða til hans. Þess vegna henta endursölubúðir þessum hópi sérstaklega vel.

Umhverfisvæn fatamerki eru ekki lengur eitthvað sem þykir sniðugt eða krúttlegt heldur eitthvað sem neytendur krefjast í sífellt meiri mæli. Hraðtískuföt eru ódýr og hefur verið erfitt að keppa við þau fyrirtæki sem sérhæfa sig í þeim en einn helsti kosturinn við að kaupa notað er að það er ódýrara en að kaupa nýtt. Þannig er hægt að spara og vera umhverfisvænn á sama tíma.

## Kemur í veg fyrir mikla sóun

Þóra Margrét Þorgeirsdóttir heldur úti Facebook-síðunni „Minna sorp; lærdómsferli fjölskyldu“ og er von því að vanga notað en einnig má fylgjast með henni á minnasorp.com.

Hún segir að það sé margt sem endurnýting hafi í för með sér og hvatarnir séu margir.

### Sparar pening

„Í fyrsta lagi sparar það pening; ef maður kaupir notað kemur það beint í budduna því það er ódýrara. Í öðru lagi er maður að gefa þessum hlutum lengra líf. Í þriðja lagi er maður að koma í veg fyrir notkun á auðlindum til að framleiða aðra vöru sem maður kaupir ekki. Þetta kemur í veg fyrir svo mikla sóun á svo mörgum stöðum þannig að mér finnst hvatarnir til að endurnýta og kaupa notað vera svo miklir. Þegar mig vantar eitthvað reyni ég að gá að því á nytjamörkuðum fyrst.“

Hún fagnar verslum á borð við Barnaloppuna og Extraloppuna. „Mér hefur fundist auðvelt að kaupa á börnin og ég hef sparað mikið á þessu,“ segir Þóra Margrét sem hefur líka nýtt sér sölusíður á netinu. „En mér hefur fundist erfiðara að finna föt á sjálfa mig,“ segir Þóra sem er búin að setja sér það takmark að kaupa ný vinnuföt á sjálfa sig fyrir haustið í þessum endursöluverslunum.

*Reynir þú að selja áfram?*

„Já, ég reyni að selja og gefa áfram. Þó þetta sé þægilegt og aðgengilegt þá reyni ég að passa að kaupa ekki of mikið til að minnka óreiðuna; það er auðveldara að eiga minna og nýta vel það sem maður á. Kuldagallar og stígvél ganga til dæmis barn frá barni, við höfum bæði fengið frá öðrum og gefið áfram.“

*Finnst þér viðhorfið til þess að kaupa notaða hluti og föt hafa breyst?*

„Já, allavega í kringum mig. Mér finnst fólk meðvitaðra um þetta og gera þetta frekar en áður.“

### Ekki í meginstraumnum enn þá

*En hvað með að gefa notað?*

„Ég hvet ömmur og afa til að fara í Barnaloppuna og finna notað en þeim finnst það erfitt,“ segir Þóra Margrét sem sjálf hefur hvatt afmælisgesti til þess að kaupa notað fyrir afmæli. „Þetta er ekki í meginstraumnum enn þá,“ segir hún.

„Þetta er bara jákvætt,“ segir hún um þróunina að verslun með notaðan fatnað sé að aukast svona mikið. „Unga fólkið er svo snjallt að það fattar þetta og það er ekki eins fast í viðjum vanans og við sem eldri erum. Þeirra hagsmunir eru í húfi. Þetta er framtíðin þeirra.“

> **Þó þetta sé þægilegt og aðgengilegt þá reyni ég að passa að kaupa ekki of mikið til að minnka óreiðuna; það er auðveldara að eiga minna og nýta vel það sem maður á.**
>
> Þóra Margrét Þorgeirsdóttir





# Hvatir og hvatastjórnun

Öll höfum við tilfinningar, hvatir og þarfir sem hafa áhrif á okkur dagsdaglega. Sumar þessara tilfinninga getur verið erfitt að bera á borð, sérstaklega ef þær eru vandræðalegar eða mjög persónulegar. Ekki síst ef við eigum von á því að fá neikvæð viðbrögð þegar við látum þær í ljós. Lítið og sætt dæmi sem flestir kannast við er að vera ástfanginn, en vera ekki viss um að sá sem ástin beinist að beri sömu tilfinningar til okkar og við til viðkomandi. Þessi glíma, að opinbera sig ekki fyrr en maður er nokkuð viss í sinni sök, leiðir af sér áhugaverð hegðunarmynstur og er oft á tíðum heilmikið leikrit. Hver man ekki eftir því að vera skotinn í fyrsta sinn, þvílíkt sem það var vandræðalegt allt saman! Svo vaxa menn úr grasi og þroskast, sumum gengur betur en öðrum að tjá tilfinningar sínar en aðrir eiga alltaf í jafn miklum erfiðleikum með það.

Annað dæmi um tilfinningar sem við getum verið í erfiðleikum með að tjá er sorgin. Þeir sem ganga í gegnum lífið hafa allir á einhverjum tímapunkti orðið fyrir missi ástvinar. Hvernig sem slíkt ber að, eða hver það er sem kveður, er það alltaf ákveðið áfall. Margir bera harm sinn í hljóði, sumir missa tökin á lífinu og tilverunni, aðrir bresta í grát og opinbera tilfinningar sínar. Allir eiga það þó sameiginlegt að líða illa og eiga erfitt. Við vitum að engir tveir einstaklingar eru eins og upplifun þeirra því ekki sú sama, en af því að sorgin er það algengt fyrirbæri getum við að vissu leyti sett okkur í spor þess sem glímir við sorgina hverju sinni og við tökum þátt í henni. Með þessu er ég á engan hátt að einfalda sorgarferlið né gera lítið úr tilfinningum einstaklinga heldur þvert á móti að benda á það að engin ein leið er út úr slíkri vanlíðan.

Í tengslum við bæði ást og sorg er algengt að upplifa reiði sem á sér margar orsakir í sjálfu sér en grundvallast þó oftast á því að maður hefur ekki fulla stjórn á því sem er í kringum mann. Við getum ekki stjórnað lífi og dauða í almennum skilningi, né heldur tilfinningum eða gjörðum annarra. Þegar viðkomandi gerir sér grein fyrir því hversu lítil áhrif hann hefur brýst reiðin stundum út sem viðbragð. Við eigum auðveldara með að stjórna reiðinni þegar við sýnum auðmýkt gagnvart þeirri staðreynd að hafa takmarkaða stjórn. Reiði er í eðli sínu neikvæð tilfinning í samanburði við hinar fyrri sem byggja á væntumþykju og hluttekningu í lífi annarra.

Hægt er að ræða ýmsar aðrar tilfinningar sem hafa áhrif á líf okkar og líðan en andstæðan við reiðina er gleðin sem virðist oftsinnis vera auðvelt að sýna og tjá sé hún til staðar. Henni fylgir jákvæðni og einhver orka sem í kringum þá sem eru glaðir og við þurfum að hlæja, helst sem mest. Þá er okkur mikilvæg svokölluð öryggistilfinning, ekki síður en hræðslan en það eru tilfinningar sem byggja á lífshvötinni svokölluðu sem liggur til grundvallar því að viðhalda sjálfum sér.

Hvatir og þarfir spila stórt hlutverk en í þann flokk falla til dæmis kynhvötin og kynþörfin sem geta brenglað verulega tilfinningalíf einstaklinga og hafa áhrif á samskipti þeirra við aðra. Sumir hafa gengið svo langt að segja að þessar frumhvatir stýri meiru um það hvernig við högum okkur en flest annað. Oft er talað um hinar lægstu hvatir, en erfitt er að skilgreina þær nema út frá þörfum og tilfinningum einstaklinga og hvaða áhrif þær hafa á þá. Ef ég ætti að velja eina sem virðist ekkert jákvætt hafa með sér þá væri það öfundin. Hún skilur ekkert uppbyggilegt eftir sig og megintilgangur hennar virðist vera að brjóta niður þann sem öfundar og skemma samskiptin við þann sem öfundast er út í.

**Teitur Guðmundsson**
læknir


HOLTAGARÐAR
bjóða Fakó velkomið
Opnunarpartý
FAKÓ
Fakó hefur opnað nýja verzlun í Holtagörðum.
Af því tilefni bjóðum við ykkur hjartanlega velkomin að fagna með okkur
fimmtudaginn 5. september milli 17-20.
Nýjar haustvörur • Kaupaukar • Opnunartilboð • Vínkynning
Kynning á Meraki snyrtivörum, Nicolas Vahé sælkeravörum og Kreafunk hátölurum
Gunnar Hilmarsson og Valdimar Olgeirsson leika léttan jazz
Instagram leikur
house doctor
Nicolas Vahé
meraki
MONOGRAPH
KREAFUNK
Vanilla Fly
Fakó Holtagörðum | Sími 568 0708 | www.fako.is | fako@fako.is
FAKÓ
VERZLUN HÚSGÖGN



Það er ákveðin gallabuxna-efnisstemning yfir þessum.

**ILVA**
4.496 kr.

# Sofðu betur

**Haustið er góður tími til að taka upp nýjar venjur, líka svefnvenjur, en flestum finnst auðveldara að sofna nú þegar dimmir fyrr á kvöldin. Ný rúmföt geta breytt stemningunni, sem á að vera afslöppuð og þægileg með dempuðum litum í róandi, grænum, gráum og bláum tónum.**



Ljósgræn og væn frá danska merkinu Semi-basic úr 100% egypskri bómull með silkiborða.

**Snúran**
12.500 kr.



**Það er óþarfi að strauja sængurfötin eða búa um þegar þau eru falleg. Stemningin á að vera afslöppuð og notaleg.** NORDICPHOTOS/GETTY



100% bómull úr Cube-línunni frá Normann Copenhagen.

**Líf og list**
11.580 kr.



IKEA leggur áherslu á svefn í bæklingi sínum í ár. Þessi sængurföt eru mjúk og þægileg með satínáferð.

**IKEA**
4.490 kr.



Fíngert og fal-legt frá danska vörumerkinu Södahl.

**Bast**
13.995 kr.



NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN
Innovation that excites

Nissan Qashqai – Gerðu kröfur

# NÚ FÆST QASHQAI

## SJÁLFSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN




## NÝR QASHQAI ACENTA
## VERÐ: 5.340.000 KR.

Nú getum við aftur boðið hinn geysivinsæla Nissan Qashqai með sjálfskiptingu og hinu fullkomna Nissan Intelligent fjórhjóladrifi. Nissan Qashqai er einn best útbúni sportjeppinn á markaðnum. Honum fylgir fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti, 7" upplýsingaskjár með samþættingu við snjallsíma, bakkmyndavél, 17" álfelgur og margt fleira.

Gerðu fjölskylduna klára fyrir ævintýri vetrarins í nýjum, fjórhjóladrifnum Nissan Qashqai.

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR**

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Hugverk eða tréverk



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Íslenskt listalíf er kröftugt á heimsmælikvarða. Fyrir því er engin ein ástæða. Þó er hægt að fullyrða að listamannalaun og umhverfið sem listamönnum er hér skapað hefur meðal annars orðið til þess að íslenskt leikhús er metnaðarfullt, bókaútgáfa er í blóma, kvikmyndir eru stóriðja og myndlistarlífið í Reykjavík minnir á stórborg. Listamenn á borð við Björk og Ólaf Elíasson eru orðnir að fyrirtækjum, með fjölda fólks í vinnu. Ragnar Kjartansson, einn þekktasti myndlistarmaður samtímans, hefur sagst vera „eingetin afurð listamannalauna“. Stórbrotið listalíf smáþjóðar sýnir svo ekki verður um villst að hér er eitthvað gert rétt.

Opinber stuðningur við list hefur verið stefna stjórnvalda um árabil. Endalaust má svo deila um hvernig það skuli gert. Ávinningurinn fyrir íslenskt samfélag er hins vegar ótvíræður. Land án listar væri fátækara samfélag. Listir eru auðlind í breiðari skilningi en þeim sem metinn verður í krónum og aurum. Þó blasir við samspil skapandi greina og annarrar atvinnustarfsemi. Galleristar og smiðir nærast á myndlistarmönnum. Hönnuðir, prentarar og bóksalar eiga allt sitt undir rithöfundum. Tónleikahátíðir sem trekkja að ferðamenn væru ekki haldnar án tónlistarmanna sem svo skapa störf fyrir tæknimenn.

Þau merku tíðindi urðu svo í vikunni að Alþingi samþykkti tillögu Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um að greiðslur til höfunda eða annarra rétthafa hugverks verði skattlagðar sem fjármagnstekjur í stað launatekna. Á mannamáli þýðir það að tekjur listamanna, vegna til dæmis tónlistarflutnings í útvarpi, upplesturs á ritverkum eða birtingar á myndverkum í bókum, verða skattlagðar eins og aðrar tekjur fólks af eignum sínum. Fjármagnstekjuskattur er 22 prósent. Til samanburðar er launaskattur í lægra þrepi 37 prósent og í efra þrepi 46 prósent.

Fyrir málinu hefur lengi verið barist af hálfu þeirra sem í hlut eiga. Þeim hefur þótt ósanngjarnt að hugverk sé ekki skattlagt eins og tréverk; með öðrum orðum, að hugverkavarið efni sé ekki skattlagt eins og önnur peningaleg verðmæti á borð við fasteignir, fjármuni eða hlutabréf. Sanngjarnara sé að afnot af hugverkum, hvort sem um ræðir bækur, tónlist eða myndlist, sé skattlagt eins og um húsaleigu sé að ræða.

Eflaust verður áfram þráttað um hvernig styrkja skuli skapandi greinar. Listamannalaun eru þyrnir í augum sumra. Afrek listamannanna okkar innan og utan landsteinanna sýna hins vegar svo ekki verður um villst að stefna stjórnvalda hefur margborgað sig; bæði í eiginlegum verðmætum og í þeirri lífsfyllingu sem listin veitir okkur.

Skattalækkun fjármálaráðherrans er tímabær, sanngjörn og hið besta mál.

**Skattalækkun fjármálaráðherrans er tímabær, sanngjörn og hið besta mál.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Sterk skilaboð**

**Koma varaforseta Bandaríkjanna til Íslands í gær hefur varla farið fram hjá neinum. Í nágrenni Höfða þurfti að loka götum og sáu sum fyrirtæki sér ekki fært að hafa opið. Sumir nýttu þó tækifærið til að senda gestinum skilaboð. Tveir voru handteknir fyrir að brenna bandaríska fánann við Sæbraut. Öllu sterkari skilaboð sendi hins vegar Advania sem flaggaði regnbogafánum við höfuðstöðvar sínar sem eru við hliðina á Höfða. Pence hefur einmitt verið sakaður um að hafa ítrekað lagt stein í götu réttindabaráttu hinsegin fólks.**

**400 metrar**

**Miðað við þann stutta tíma sem Pence dvaldi á Íslandi blasir við að auðvelt hefði verið að afgreiða þau mál sem rædd voru í gegnum síma eða Skype. Heimsóknin var því fyrst og fremst táknræn en um leið skýr skilaboð til Kína. Samskipti Bandaríkjanna og Kína hafa verið afar stirð upp á síðkastið. Pence notaði tækifærið og ítrekaði varnaðarorð Bandaríkjamanna þegar kemur að Huawei en hér hefur einmitt verið fjárfest fyrir milljarða í fjarskiptatækni fyrirtækisins. Skilaboðin hafa væntanlega skilað sér því Pence stóð aðeins í um 400 metra fjarlægð frá kínverska sendiráðinu þegar þessi ummæli féllu.**

sighvatur@frettabladid.is

# Alþingi ráði um hermál



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður Vinstri grænna

Sú hugsun læðist oft að undirrituðum að sú staðreynd að aðild að Atlantshafsbandalaginu fylgi skyldur sé ekki öllum kunn. Að sum haldi að með aðildinni sé Ísland bara að merkja sig hvorum megin það vilji standa í alþjóðapólitík; við ætlum að vera með þessum í liði. Svo er ekki. Aðildinni fylgja skyldur og í tilfelli Íslands hafa þær í gegnum tíðina falist í viðveru herliðs og aðstöðu fyrir það. Um þetta er á kveðið í svokölluðum varnarsamningi og bókunum og viðaukum við hann.

Á Íslandi ríkir þingræði og ríkisstjórnir sækja vald sitt til þingsins. Engu að síður er það staðreynd að frá því að Alþingi greiddi atkvæði um varnarsamninginn árið 1951 hefur þingið aldrei fengið að greiða atkvæði um neitt sem að viðveru og umfangi herliðs hér kemur. Grundvallarbreytingar á eðli varnarsamningsins hafa ekki einu sinni verið bornar undir atkvæði Alþingis.

Eitt af forgangsmálum Vinstri grænna á komandi þingi verður tillaga mín um breytingar á varnarmálalögum. Hún felur í sér að allar bókanir og viðbætur við samninginn verði að bera undir Alþingi til samþykktar, sem og öll uppbygging og framkvæmdir sem tengjast hernum, utan eðlilegs viðhalds. Aukinheldur hyggst ég leggja til þingsályktun um að ráðherra verði falið að vinna að bókun við varnarsamninginn sem kveði á um að alla viðveru herliðs hér á landi skuli bera undir Alþingi, en um viðveru herliðs er kveðið á í sjálfum varnarsamningnum.

Hver sem afstaða fólks er til viðveru starfsfólks herliða og uppbyggingar mannvirkja á vegum hersins, hlýtur það að öllum kappsmál að auka lýðræðislega umræðu um þessi mál. Það hlýtur að vera öllum þingmönnum kappsmál að fá að segja skoðun sína á varnarmálum með atkvæði sínu. Samþykkt þessarar tillögu gefur þeim færi á því og eykur þannig mikilvægi Alþingis þegar að þessum málum kemur. Ég vonast því eftir víðtækum stuðningi við málið.

**Það hlýtur að vera öllum þingmönnum kappsmál að fá að segja skoðun sína á varnarmálum með atkvæði sínu.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Albanar taka til hendinni

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Stokkhólmi – Fimm lönd sem Evrópusambandið kallar umsóknarlönd (e. candidate countries) bíða þess nú að vera tekin inn í sambandið. Þau eru Albanía, Norður-Makedónía, Serbía, Svartfjallaland og Tyrkland. Tvö lönd enn, Bosnía og Hersegóvína og Kósóvó, bíða þess að komast á biðlistann. Öll löndin sjö eru í Suðaustur-Evrópu, sum þeirra tilheyrðu gömlu Júgóslavíu. Ísland er ekki á biðlistanum, en ESB hefur þó látið á sér skiljast að umsókn Alþingis frá 2009 sé enn í gildi tæknilega séð þótt hún hafi legið í salti frá 2013.

**Langur aðdragandi**

Samningaviðræður einstakra landa á listanum við ESB munu skera úr um hvort þau eru í stakk búin að semja sig að lögum og reglum sambandsins og hversu langan aðlögunartíma þau þurfa til að ná því marki. Albanía sótti um aðild 2009 og komst á listann 2014. Norður-Makedónía hefur verið á listanum frá 2005. Serbía sótti um aðild 2009, komst á listann 2012 og hóf aðildarviðræður 2014. Svartfjallaland sótti um aðild 2008, komst á listann 2010 og hóf viðræður 2012. Tyrkland sótti um aðild 1987, komst á listann 1999 og hóf viðræður 2005, en þær hafa gengið hægt vegna ýmislegra efasemda um ráðahaginn af beggja hálfu.

Albönum, Norður-Makedónum, Serbum og Svartfellingum er mikil alvara með eftirsókn sinni eftir aðild að ESB. Við þeim blasir hversu miklu betur Eistlandi, Lettlandi og Litháen hefur vegnað að flestu leyti en hinum tólf fv. Sovétlýðveldunum sem höfnuðu Evrópu sem fyrirmynd einmitt til að geta farið sínu fram heima fyrir án tillits til lýðræðis og mannréttinda sem eru ær og kýr ESB. Suðaustur-Evrópuþjóðirnar sækjast eftir aðild að ESB ekki bara af efnahagsástæðum heldur einnig gagngert til að treysta lýðræði og mannréttindi í sessi.

**Lýðræði, lög og réttarbætur**

Tökum dæmi. Til að styrkja umsókn sína um aðild að ESB réðust Albanar með erlendri hjálp í rannsókn á dómskerfi landsins með því m.a. að fela sjálfstæðri nefnd undir eftirliti bandarískra og evrópskra dómara að meta hæfi þeirra u.þ.b. 800 dómara og saksóknara sem starfa í Albaníu. Nefndin leggur mat á starfshæfni þeirra, heiðarleika og hvort þeir hafi brotið lög (e. criminal background). Nær helmingur þeirra dómara og saksóknara sem lentu undir smásjá hefur látið af störfum m.a. vegna þess að þeir gátu ekki gert grein fyrir eignum sínum eða sýnt fram á hæfni til að gegna störfum sínum. Markmið nefndarinnar er að tryggja að dómskerfið geti starfað sjálfstætt og heiðarlega óháð þrýstingi af hálfu stjórnmálamanna og annarra sem eiga hagsmuna að gæta. Vandinn var og er ærinn. Skýrsla Sameinuðu þjóðanna 2017 greindi frá spillingu í dómskerfi Albaníu og megnu vantrausti fólksins í landinu í garð dómskerfisins (70% vantraust í Albaníu á móti 53% á Íslandi). Einn kosturinn við væntanlega aðild Albaníu að ESB er að hreingerning í dómskerfi landsins er að heita má meðal inngönguskilyrðanna.

Lýðræðiseinkunnin sem Freedom House gefur Albaníu nú er 6,8 borið saman við 8,7 til 9,4 í Eystrasaltslöndunum þrem og 2,0 í Rússlandi. Einkunnin sem World Justice Project, stofnun á vegum Bandaríska lögfræðingafélagsins, gefur Albaníu fyrir lög og rétt er 6,2 á móti 8,1 í Eistlandi og 4,7 í Rússlandi. Albanía notar væntanlega aðild að ESB markvisst til að snúa niður afturhalds- og glæpaöflin heima fyrir.

Ég var í Albaníu 1993, tveim árum eftir fall kommúnistastjórnar Envers Hoxha sem skildi við landið í rjúkandi rúst. Húsakostur landsmanna var í reyndinni handónýtur. Rennandi vatn var sjaldséð, rafmagn var stopult og loftkæling var óþekkt þótt sumarhitinn þarna sé 35-40 gráður. Sex fjölskyldur af hverjum sjö áttu hvorki ísskáp né þvottavél. Sinfóníuhljómsveitin var fölsk því hljóðfæraleikararnir höfðu fæstir efni á gleraugum og gátu því ekki lesið nóturnar. Annað var eftir þessu. Ekkert land álfunnar var verr á vegi statt en Albanía.

En Albönum tókst að snúa taflinu við. Þeir settu markið á ESB gagngert til að þurfa að fullnægja þeim kröfum sem sambandið gerir til aðildarlanda eða réttar sagt þeim tilmælum sem ESB beinir til þeirra. Það verður að segjast eins og er að ESB hefur ekki orðið vel ágengt við að uppræta spillingu í Búlgaríu, Ítalíu og Rúmeníu sem 75% til 86% heimamanna lýsa sem morandi í spillingu skv. rannsókn Gallups (Búlgaría 75%, Ítalía 86% og Rúmenía 80% á móti 67% á Íslandi). Ekki hefur ESB heldur tekizt að hemja ofríki yfirvalda í Póllandi og Ungverjalandi undangengin ár. Og ekki fórst ESB heldur vel við Grikkland í kreppunni þar.

Albanar setja þó ekkert af þessu fyrir sig og það gera Norður-Makedónar, Serbar og Svartfellingar ekki heldur. Meiri hluti fólksins í þessum löndum kýs helzt að semja sig að siðum annarra Evrópuþjóða.



# Opið bréf til borgarstjóra



**Ásta Kristrún Ólafsdóttir**
móðir ungs manns með fötlun, sálfræðingur og kennari.

**Við verðum þó að vita hvaða þjónusta er í boði til að geta nýtt okkur hana.**

Sæll, borgarstjóri.
Ég veit ekki hversu vel þú þekkir til barna með fötlun, foreldra þeirra og fjölskyldna. Ég vona að þú misvirðir það ekki við mig þótt ég upplýsi þig um að það krefst styrks, þolgæðis og endalausrar ástar og umburðarlyndis að annast fatlað barn, á hvaða aldri sem er. Það krefst mikils tíma og orku og því fylgir mikið álag. Það er sjaldnast orka aflögu til að berjast fyrir réttindum barns síns þótt margir hafi gert það af miklu hugrekki og seiglu.

Ég trúi að börn með þroskahömlun gegni mikilvægu hlutverki í lífi okkar allra. Þau kenna okkur skilyrðislausan kærleik, þau vekja hlýjar tilfinningar í brjóstum fólks með falsleysi sínu og einlægni. Þau kenna okkur umburðarlyndi, lækna okkur af fullkomnunaráráttu og þau minna okkur á hvað skiptir mestu máli í lífinu. Þau eru mikils virði. Þau eru dýrmæt og þau þurfa á okkur að halda. Samfélag með gott siðferði annast þá sem minnst mega sín og ég er þakklát fyrir allt sem samfélag okkar, ríki og borg, gerir fyrir fötluðu börnin okkar. Við verðum þó að vita hvaða þjónusta er í boði til að geta nýtt okkur hana. Við, sem erum ekki dugleg að leita á vefsíðum eða láta okkur detta í hug eitthvað sem barnið okkar gæti hugsanlega átt rétt á, eigum á hættu að fara á mis við ýmsa þjónustu. Oft höfum við ekki orku til að standa í slíku og ekki er hægt að gera þá kröfu til barnanna okkar sem hafa ekki færni til þess sökum fötlunar sinnar.

Þegar sonur minn, sem er með þroskahömlun, var lítill, áttaði ég mig á því að upplýsingar um réttindi og þjónustu komu oftar en ekki frá öðrum foreldrum fatlaðra barna frekar en frá hinu opinbera. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það að þetta er ekki nógu gott.

Það ætti ekki að vera flókið að útbúa bækling fyrir foreldra þar sem væri að finna allar upplýsingar um þjónustu og réttindi, bæði fyrir barnið og foreldrana. Þá ætti heldur ekki að vera flókið að setja upp vefsíðu með sömu upplýsingum.

Þegar minnihlutinn í borgarstjórn bar fram tillögu þessa efnis var henni vísað frá.

Nú vil ég biðja þig, borgarstjóri, að útskýra fyrir mér og öðrum sem málið varðar, hvers vegna borgin vill ekki eða getur ekki bætt upplýsingagjöf til fatlaðra og aðstandenda þeirra, með eins einföldum hætti og að útbúa bækling.

# Orðin ein og sér duga ekki



**Björn Bjarki Þorsteinsson**
framkvæmdastjóri Brákarhlíðar og varaformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

**Forsenda árangurs og breiðari sáttar um málaflokkinn er stóraukið samráð og skilningur á eðli rekstrar hjúkrunarheimila sem eru ein af mikilvægustu grunnstoðum íslenska velferðarkerfisins. Orð á blaði duga ekki ein og sér.**

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem birt var 30. nóvember árið 2017 stendur eftirfarandi setning: „Einnig verður hugað að því að styrkja rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila en áhersla verður einnig lögð á aðra þjónustuþætti, svo sem heimahjúkrun, dagþjálfun og endurhæfingu.“ Ýmislegt hefur gengið eftir sem boðað er í stefnuyfirlýsingunni, en ekki sá þáttur sem snertir rekstrargrunn hjúkrunarheimila og dagþjálfun og vitnað er til hér að ofan. Nú er kjörtímabilið nær hálfnað og á þeim tveimur árum sem ríkisstjórnin hefur setið við völd hefur hún hrint í framkvæmd stöðugum skerðingum á rekstrarframlagi til hjúkrunarheimila og hefur að auki boðað að svo verði áfram til og með árinu 2021, en áætlunin gildir til 2024. Samkvæmt áætluninni fá aðrar heilbrigðisstofnanir en hjúkrunarheimili aukið framlag og því ber auðvitað að fagna.

**Róðurinn þyngist ár frá ári**
Eins og Ríkisendurskoðun hefur bent á í skýrslum sínum er rekstur hjúkrunarheimila almennt mjög þungur og hefur róðurinn þyngst ár frá ári í samræmi við fjárhagsskerðingar ríkisstjórnarinnar. Í því sambandi skiptir einnig máli að ekki er lengur í gildi rammasamningur milli hjúkrunarheimilanna og Sjúkratrygginga Íslands, en síðasti samningur sem tók gildi 2016 rann sitt skeið í árslok 2018 þegar Sjúkratryggingar breyttu aðferðafræði sinni við útgreiðslu fjármagns tengt RAI-mati og einnig vinnubrögðum við úthlutun smæðarálags. Ákvörðun Sjúkratrygginga var tekin einhliða og án viðræðna við hjúkrunarheimilin, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) eða Samband íslenskra sveitarfélaga. SFV og sveitarfélögin starfrækja sameiginlega samninganefnd f.h. öldrunarstofnana við hið opinbera og ríkir mikill og góður samhljómur í þeim hópi.

**Galin fjármálaáætlun?**
Í fyrrnefndri fjármálaáætlun kemur fram að stærsta verkefni ríkissjóðs í tengslum við málefnasvið hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu sé átak sem felst í fjölgun hjúkrunarrýma bæði með endurgerð eldri rýma og byggingu nýrra, m.a. með byggingu hjúkrunarheimila. Er um að ræða rúmlega 900 rými í heild. Stjórnvöld hafa boðað að 717 rými verði byggð til 2024 þegar áætlað er að þau verði orðin 3.433 í heild, sem er 26% aukning frá árinu 2018. Á sama tíma gerir ríkisstjórnin ráð fyrir aðeins 6% auknu fjármagni til rekstrar málefnasviðsins, enda viðurkennt að í fjármálaáætluninni hefur lítið tillit verið tekið til byggingar eða rekstrar nýju hjúkrunarrýmanna.

**Fyrirheitin reynst orðin tóm**
Þau fyrirheit ríkisstjórnarinnar 30. nóvember 2017 um að hugað skyldi að styrkingu rekstrargrundvallar hjúkrunarheimila á þeim 21 mánuði sem stjórnin hefur setið við völd að miklu leyti reynst orðin tóm enda áframhaldandi raunskerðingar boðaðar til og með árinu 2021 ár í það minnsta. En lengi skal manninn reyna. Því skora ég á Alþingi og ekki síst fjárveitingavaldið að fara alvarlega ofan í saumana á fjárhagsgrunni hjúkrunarheimilanna landsins, hafa með árinu 2021 ár í það minnsta hjúkrunarheimilanna og rýna betur skýrslur Ríkisendurskoðunar um málefnasviðið. Trúverðugt samtal milli fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins, Sjúkratrygginga Íslands, öldrunarstofnana og sveitarfélaga væri gott fyrsta skref. Forsenda árangurs og breiðari sáttar um málaflokkinn er stóraukið samráð og skilningur á eðli rekstrar hjúkrunarheimila sem eru ein af mikilvægustu grunnstoðum íslenska velferðarkerfisins. Orð á blaði duga ekki ein og sér.



bauhaus.is

# BAUHAUS®

Harðparket

LOGOCLIC

**3.145.-**

**Scalea eikarharðparket**
Þykkt 12 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m². 6 gerðir í boði.

Harðparket

BARA Í BAUHAUS

LOGOCLIC 15 ára ábyrgð

**2.195.-**

**Family Ancona harðparket eik**
Þykkt 7 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m². 7 gerðir í boði.

Harðparket

**1.095.-**

**Easyloc harðparket beyki**
Þykkt 6 mm, plankastærð 193 x 1382 mm. Auðvelt að leggja. Fæst í eik, beyki og ítalskri hnotu. Verð á m². 3 gerðir í boði.

Vínylgólfefni

TIMBERMAN

**7.395.-**

**Vínylplankar í náttúrulegri eik**
Þykkt 7,5 mm, plankastærð 235 x 1522 mm. Innbyggt undirlag. Hátt slitþolsstig og þægilegt að ganga á. Verð á m². 8 gerðir í boði.

Harðparket

LOGOCLIC 20 ára ábyrgð

**3.595.-**

**Vinto harðparket Kastanie Velina**
Þykkt 10 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m².

Harðparket

LOGOCLIC 30 ára ábyrgð

**3.445.-**

**Ambienta Corno harðparket eik**
Þykkt 10 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Slitþolsstig 33. Verð á m². 3 gerðir í boði.

Harðparket

Mystyle 30 ára ábyrgð

**3.995.-**

**Lagskipt gólf MyDream Lilywhite eik**
Þykkt 14 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m². 6 gerðir í boði.

Harðparket

Mystyle 30 ára ábyrgð

**3.995.-**

**Lagskipt gólf MyArt Anvil eik**
Þykkt 12 mm, plankastærð 192 x 1285 mm. Verð á m². 6 gerðir í boði.

## Velkomin í endurbætta og glæsilega gólfefnadeild. Úrvalið hefur aldrei verið betra!

LOGOCLIC

**1.095.-**

**1.000 ml Logoclic hreinsir**
Til að þrífa harðparket.

TIMBERMAN

LOGOCLIC

**2.195.-**

**Áhaldasett**
Til að leggja harðparket.

LOGOCLIC

**3.195.-**

**Logoclic XPS parketundirlag**
Rúlla með 16,5 m². Rásað. B: 1,1 m L: 15 m, Þykkt 2,2 mm. Verð á rúllu.

LOGOCLIC

**2.445.-**

**Logoclic XPS gólfundirlagsplata**
Þykkt 5 mm. Rásað 7 m².

**Gólflisti, hvítur** 57 x 12 x 3.000 mm. Stykkjaverð. **2.445.-**

LISTAR

**Hvítlakkaðir listar** 14 x 65 x 2.200 mm. Stykkjaverð. **1.795.-**

**Hvítlakkaðir furulistar** 14 x 65 x 2.200 mm. Stykkjaverð. **1.995.-**

**Hvítlakkaðir gólflistar** MDF 14 x 65 x 2.800 mm. Stykkjaverð. **6.595.-**

**Hornlisti, hvítur** 20 x 20 x 2.500 mm. Stykkjaverð. **1.445.-**

PRIMO

PLASTLISTAR

**Yfirfellur** 10 x 16 x 3.100 mm. Margir litir í boði. Frá 495 kr. **495.-**

**Sóplisti, hvítur** 15 x 33 x 2.500 mm. Stykkjaverð. **2.495.-**

**Yfirfella, hvít** 10 x 25 x 3.100 mm. Stykkjaverð. **1.095.-**

**Hefurðu séð nýja BAUHAUS-blaðið?**

## MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

## OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



### Hröðustu sprettir Meistaradeildarinnar

| Leikmaður | Lið | Km/klst |
|---|---|---|
| Virgil van Dijk | Liverpool | 34,5 |
| Leroy Sané | Man. City | 34,4 |
| Kyle Walker | Man. City | 34,2 |
| Gareth Bale | Real Madrid | 33,8 |
| Breel Embolo | Schalke | 33,5 |
| Rafa Silva | Benfica | 33,5 |
| Leroy Sané | Man. City | 33,5 |
| Taison | Shakhtar | 33,3 |
| Loris Benito | Young Boys | 33,3 |
| Christian Fassnacht | Young Boys | 33,3 |

### Hvar komu mörkin?

| Föst leikatriði | Mörk |
|---|---|
| Horn | 42 |
| Eftir aukaspyrnur | 11 |
| Úr aukaspyrnum | 12 |
| Vítaspyrnur | 34 |
| Innköst | 1 |

| Opinn leikur | |
|---|---|
| Samspil | 59 |
| Fyrirgjafir | 94 |
| Stungusendingar | 40 |
| Langir boltar | 11 |
| Einstaklingsframtak | 10 |
| Skot utan teigs | 23 |
| Varnarmistök | 24 |
| Sjálfsmörk | 5 |

### Hvenær komu mörkin?

| Mín. | Mörk |
|---|---|
| 1–15 | 44 |
| 16–30 | 53 |
| 31–45 | 57 |
| 45+ | 5 |
| 46–60 | 57 |
| 61–75 | 61 |
| 76–90 | 66 |
| 90+ | 22 |
| Framlenging | 1 |

**Virgil van Dijk var fljótasti leikmaður Meistaradeildarinnar í fyrra. Hér er hann með bikarinn eftirsótta en Liverpool lagði Tottenham eins og flestir muna.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Tölur úr bestu deild í heimi

**Tölfræði Meistaradeildarinnar var gefin út á þriðjudag. Virgil van Dijk, varnarmaður Liverpool, hljóp hraðast , Allison Becker hélt sex sinnum hreinu og aðeins eitt mark kom í framlengingu.**

Alls voru leiknir 125 leikir í Meistaradeildinni en þetta er í 20. sinn sem tæknideild Meistaradeildarinnar skoðar tölfræðina á bak við leikina. Á síðasta tímabili deildarinnar sáust mörg óvænt úrslit og fjölmargir spennandi leikir þar sem úrslitin réðust á síðustu andartökunum. Kunnugleg andlit eru á toppnum hvert sem litið er, eins og Ronaldo og Lionel Messi, og þá var varnarbuff Liverpool, Virgil van Dijk, fljótasti leikmaður deildarinnar. Hér koma nokkrar góðar tölur og tölfræði frá bestu deild Evrópu. Meistaradeildinni.

**Kunnugleg andlit eru á toppnum hvert sem litið er, eins og Ronaldo og Lionel Messi.**

**3** sinnum í röð hefur það gerst að sigurvegarar hafa lent í öðru sæti riðilsins.

**12** ár í röð hefur Barcelona unnið sinn riðil.

**275** mörk voru skoruð í riðlakeppninni og 366 mörk alls.

**5** sinnum varð markalaust í 96 leikjum í riðlakeppninni.

**22** ár voru síðan Ajax komst í undanúrslit.

**33** ár voru síðan lið sneri við 3-0 tapi í undanúrslitum.

**2:57** var tíminn sem Tottenham var í forystu gegn Ajax.

**39** prósent tímans var Liverpool með boltann í úrslitaleiknum.

**4** ár í röð hefur varamaður skorað í úrslitaleiknum.

**6** sinnum hafa nýliðar tapað úrslitaleik. Tottenham bættist í hóp Valencia, Bayern Leverkusen, Monaco, Arsenal og Chelsea.

**68** skallaeinvígi vann Matthis de Ligt. Hann skoraði einnig tvö mörk.

**22** fyrirgjafir tókust hjá Trent Alexander Arnold af 73.

**8** mörkum kom Ronaldo að hjá Juventus. Liðið skoraði 14 mörk.

**1.150** mínútur spilaði Sadio Mane sem skilar honum á toppinn af útileikmönnum yfir flestar mínútur leiknar.

**50** ár voru síðan útivallarmarkið var tekið upp. Í september í fyrra kom beiðni frá þjálfurum stóru liðanna um að endurskoða þá reglu.

**366** mörk voru skoruð í Meistaradeildinni.

**40** prósent marka Tottenham komu eftir 75. mínútu.

**21** leikur vannst eftir að mark var skorað á síðasta korterinu.

**7** leikir enduðu 0-0.

**2,92** mörk voru að meðaltali skoruð í hverjum leik. Þau voru 3,21 tímabilið á undan.

**34** vítaspyrnur enduðu í netinu. Það er metjöfnun frá tímabilinu 2000-01.

**4** af sex mörkum sínum skoraði Ronaldo með skalla.

**1.248** hornspyrnur fengu liðin og skoruðu 42 mörk eða eitt mark á hverjum 30 hornspyrnum.

**89** metra spyrna Ederson gegn Schalke mældist lengsta spyrna markmanns.

# Atli tók mig strax undir sinn verndarvæng

**FÓTBOLTI** Oliver Bierhoff, yfirmaður knattspyrnumála hjá þýska knattspyrnusambandinu og fyrrverandi landsliðsframherji Þýskalands, fór fögrum orðum um Atla Eðvaldsson í stuttu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um veru þeirra hjá Uerdingen. Bierhoff sagðist harma fregnirnar af Atla og bað fyrir samúðarkveðjur til fjölskyldu hans. Atli féll frá í vikunni eftir áralanga baráttu við krabbamein.

Leiðir Bierhoff og Atla lágu saman hjá Uerdingen þegar Bierhoff var að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki. Léku þeir meðal annars gegn Barcelona í útsláttarkeppni UEFA Cup veturinn 1986. Bierhoff átti eftir að sanna sig sem framherji í heimsklassa og lék með liðum á borð við Monaco og AC Milan en er þekktastur fyrir afrek sín með þýska landsliðinu. Þar lék Bierhoff 70 leiki og skoraði í þeim 37 mörk, tvö þeirra í úrslitaleik Evrópumótsins 1996 sem tryggðu Þýskalandi sigurinn.

„Ég kynntist Atla fyrst þegar ég var að stíga mín fyrstu skref sem atvinnumaður og naut þeirra forréttinda að vera liðsfélagi hans tvö tímabil. Hann var ástríðufullur leikmaður sem tók leikinn mjög alvarlega, fyrirmynd í háttvísi og heiðarleika og hreint út sagt frábær manneskja að umgangast,“ sagði Bierhoff og hélt áfram:

„Ég man sérstaklega vel eftir því hvernig hann tók á móti mér sem nýliða. Hann tók mig undir sinn verndarvæng og sá til þess að ég fengi góðan stuðning. Að hann sé fallinn frá langt um aldur fram er óvænt og sorglegt að heyra. Mínar bestu kveðjur til fjölskyldu hans og aðstandenda á þessum erfiðu tímum.“ - **kpt**



**Atli í leik með Düsseldorf í þýska boltanum árið 1983.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 5. SEPTEMBER 2019




TRI-verslun býður upp á mikið úrval af fallegum og vönduðum rafmagnshjólum frá CUBE. Hjól af þessu tagi gætu spilað lykilhlutverk í því að draga úr umferð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




**Afatíska er nýr tískustraumur innblásinn af klæðnaði eldri borgara og gengur út á þægindi og nytsemi umfram allt. Stíllinn varð til sem uppreisn gegn ríkjandi tískustöðlum.** →4

# Ferðamáti framtíðarinnar

TRI-verslun býður upp á mikið úrval af vönduðum rafmagnshjólum frá CUBE ásamt hjólreiðavörum. Hjólin frá CUBE eru af öllum gerðum en rafmagnshjólin hafa verið einna vinsælust undanfarin ár. Rafmagnshjól eru mikilvægur liður í heimi sem kallar á nýjar lausnir í samgöngum. →2

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.





Rafmagnshjólin sem CUBE framleiðir í dag eru með Bosch hjálparmótor en þau komu fyrst á markaðinn fyrir fjórum árum og slógu strax í gegn.

TRI VERSLUN selur eingöngu CUBE reiðhjól en við seljum allar tegundir reiðhjóla frá merkinu,“ segir Valur Rafn, markaðsstjóri TRI. „CUBE er þýskt gæðamerki sem framleiðir allar tegundir reiðhjóla en síðustu ár hafa rafmagnshjólin orðið stór hluti af merkinu,“ útskýrir Valur. Liðin eru sjö ár frá því að TRI-verslun byrjaði að selja hjól af þessari gerð. „Við höfum selt CUBE rafmagnshjól frá árinu 2012,“ segir Valur Rafn. Hann segir rafmagnshjólin hafa verið í stöðugri þróun og því séu hjólin í dag þannig afar frábrugðin þeim upprunalegu. „Fyrstu hjólin voru allt öðruvísi en hjólin sem við seljum í dag,“ segir Valur.

## Drifin áfram af Bosch

Rafmagnshjólin eru sérstaklega vönduð en þau eru útbúin búnaði frá þýska gæðaframleiðanum Bosch.

„Rafmagnshjólin sem CUBE framleiðir í dag eru með Bosch hjálparmótor en þau komu fyrst á markaðinn fyrir fjórum árum og slógu strax í gegn,“ segir Valur Rafn. „Bosch framleiðir sem sagt skjáborðið, mótorinn, rafhlöðuna og drifið. Þessi samsetning hefur komið mjög vel út og CUBE hefur framleitt mikið úrval rafmagnshjóla síðustu ár.“

Valur segir rafmagnshjólin ekki ósvipuð hefðbundnum hjólum í útliti við fyrstu sýn. „Hjólin eru virkilega fallega hönnuð og þú þarft að horfa í smástund á sum af þessum hjólum til að átta þig á því að þarna er um rafmagnshjól að ræða,“ segir hann.

## Í takt við breyttar kröfur

Það er ljóst að mannkynið stendur nú frammi fyrir krefjandi áskorunum hvað snertir nýtingu auðlinda. Kröfurnar um breytta hegðun verða sífellt háværari og segir Valur að greina megi áhrif þessa nýja og áríðandi tíðaranda í heimi rafmagnshjóla, bæði hjá framleiðendum og kaupendum. „Þessi markaður er að þróast mjög hratt og sjáum við að allir stærstu framleiðendurnir eru farnir að selja rafmagnshjól,“ segir hann.

Áhrifanna gætir líka hérlendis. „Við sjáum greinilega að ferðavenjur íbúa á höfuðborgarsvæðinu eru að breytast hægt og rólega,“ bendir Valur á. „Síðustu tvö ár höfum við séð nokkuð mikla aukningu í sölu rafmagnshjóla á heimsvísu en við sjáum líka klárlega að íslenski markaðurinn er að taka hressilega við sér,“ segir Valur. Þessi aukning lofi góðu og geti haft veruleg áhrif á þróun mála. „Rafmagnshjólið gæti spilað lykilhlutverk þegar kemur að því að draga úr umferð.“

## Frelsi til að stilla eftir eigin höfði

Valur segir hjólin einföld í notkun og minni raunar um margt á þau hefðbundnu. „Rafmagnshjólin virka þannig að þú hjólar á hjólinu eins og þú gerir á venjulegu hjóli en þú færð hjálp frá mótor sem þú getur stillt eftir þörfum,“ segir hann. Þá hafi notendur verulegt svigrúm til þess að ákveða erfiðleikastig. „Þú getur stillt hjólið og ráðið því hversu mikla eða litla hjálp þú vilt fá frá hjólinu,“ útskýrir Valur. „Þessi tækni verður til þess að þú getur auðveldlega hjólað til vinnu án þess að svitna, brekkur og vindur skipta minna máli þegar þú ert á rafmagnshjóli,“ segir hann. „Þegar þú hjólar svo heim getur þú auðveldlega minnkað hjálpina og þannig fengið nokkuð mikla líkamsrækt út úr heimferðinni.“





Rafmagnshjólin eru virkilega fallega hönnuð og geta verið nokkuð lík hinum hefðbundnu í útliti við fyrstu sýn.

Valur segir CUBE-rafmagnshjólin kjörin fyrir íslenskt veðurfar en hægt er að nota þau meira og minna allan ársins hring, íslenskum notendum til mikillar gleði. „Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með hve CUBE-rafmagnshjólin þola íslenskar aðstæður vel og eru langflestir að nota hjólin allt árið.“ Þá er lítið mál að bæta við eða breyta eftir eigin höfði. „Það til dæmis er ekkert mál að setja nagladekk á CUBE-rafmagnshjól,“ segir Valur.

## Vaxandi viðskipti í vefverslun

Það eru ekki eingöngu fararskjótarnir sem endurspegla breytta tíma. Valur segir að einnig megi greina nýja nálgun í því hvernig fólk stundar viðskipti en þau eru sífellt að færast meira yfir í starfrænt form. „Í byrjun árs opnuðum við vefverslun en sú viðbót hefur komið virkilega vel út fyrir okkur og við sjáum strax að framtíðin í verslun á hjólatengdum vörum er á netinu,“ segir Valur. Hægt er að festa kaup á hjólunum sama hvar á landinu viðkomandi er staddur. „Þú getur til dæmis keypt CUBE-rafmagnshjól hjá okkur hérna á tri.is og við sendum þér hjólið frítt um land allt,“ segir hann. Viðskiptavinir þurfi ekki að hafa áhyggjur skyldi eitthvað koma upp á við kaupin. „Ef þú gerðir mistök og pantaðar rangan hlut eða eitthvað passar ekki á þig þá kemur þú til okkar og skiptir vörunni,“ segir Valur. „Þetta er svona einfalt.“ Sjá nánar á tri.is

> Viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með hve CUBE-rafmagnshjólin þola íslenskar aðstæður vel og eru langflestir að nota hjólin allt árið.


MOS MOSH
NÝ SENDING AF
YFIRHÖFNUM!
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



NÝJAR HAUSTVÖRUR

NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Nýjar haustvörur







Buxur kr. 6.900.-
Litur: dökkblátt, svart

Jakki Kr. 8.900.-
Fleiri litir

Str. S-XXL

Rita

Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



# Afatískan kemur í kjölfar pabbatísku

**Afatíska er nýr tískustraumur innblásinn af klæðnaði eldri borgara og gengur út á þægindi og nytsemi umfram allt. Stíllinn varð til sem uppreisn gegn ríkjandi tískustöðlum.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Tískudrottningin Iris Apfel, sem hélt upp á 98 ára afmælið um helgina, er ein þeirra sem hafa mótað afatískuna. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

Rétt eins og pabbatíska, sem sló í gegn fyrir örfáum árum, er afatíska nú orðinn áberandi stíll. Báðir þessir stílar eru angar af „normcore“ tískunni sem hefur heillað marga síðastliðinn áratug, sem snýst um súrrealíska og jafnvel fyndna útgáfu af venjulegum klæðnaði. Afatískan gengur út á stíl sem minnir á fötin sem afi og amma klæðast, en aðaláherslan er á þægindi. Nýsjálenski vefurinn Stuff fjallaði um tískustrauminn fyrir skömmu.

Ef orðið „afatíska“ fær þig til að hugsa um strigaskó með frönskum rennilás, íþróttagalla úr velúrefni, inniskó og sandala, mittistöskur og ofvaxna jakka, þá ertu á réttri braut. Rétt eins og pabbatískan, sem snerist um þreytuleg íþróttaföt, ofvaxna strigaskó sem litu út fyrir að koma beint úr Seinfeld-þætti og ljósbláar gallabuxur, er afatíska það nýjasta og flottasta þegar kemur að því að klæða sig í stíl sem er svo laus við að vera flottur að hann fer, að sumra mati, í hring og verður töff.

Tískufyrirmyndir eins og Iris Apfel hafa átt sinn þátt í velgengni afatískunnar og fleiri eldri borgarar hafa fetað í fótspor hennar og gert góða hluti á Instagram.

Stílistinn Elliot Garnaut, sem starfar í Melbourne, vill meina að bæði fatahönnuðurinn Demna Gvasalia, hönnunarstjóri Balenciaga og Vetements, og Olsen-tvíburarnir hafi gegnt lykilhlutverki í því að móta stíl afatísku. Þau hafa átt stóran þátt í að gera flíkur eins og buxur með broti, ofvaxin gleraugu, kassalaga jakka og Jesúsandala vinsæla. Þessi stíll dregur líka innblástur frá tísku tíunda áratugar og frá Kóreu og Japan.



Afatískuáhrifin eru sterk í hönnun Demna Gvasalia.

Demna Gvasalia, hönnunarstjóri Balenciaga og Vetements, hefur mótað afatískuna.

Þægindin voru svo sannarlega í fyrirrúmi á þessari sýningu Dolce & Gabbana.

## Þægindi og uppreisn

Þægindi skipta líka mjög miklu, enda kýs eldra fólk fötin sín oft einfaldlega vegna þess að þau eru þægileg. Það hefur verið almenn aukning í áherslu á þægindi og nytsemi í tísku, en áherslan er samt ekki svo algjör að það gleymist að passa upp á litasamsetningar, réttu efnin og að fötin passi vel.

Eins og svo margt byrjaði þetta sem stíll sem átti að vera nokkurs konar andsvar gegn hefðbundinni tísku en endaði svo með því að verða enn einn tískustraumurinn.

Að sumu leyti er afatískan andsvar við fegurðarstöðlum tískuheimsins, þar sem lögð er áhersla á föt sem sýna líkamann, í stað þess að fela hann. Fyrir stelpur getur afatískan verið uppreisn gegn viðteknum venjum og þröngum kjólum. Sumum konum finnst líka valdeflandi að klæða sig í þessum stíl, því þá eru þær að hugsa um þægindi og klæða sig fyrir sig og ekki einhvern annan.

EKKI MISSA AF ÞESSU!




ÚTSALA Á HJÓLUM OG HJÓLAVÖRUM

25–45%

AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

FAXAFENI 7 · SÍMI 5 200 200 · GAP.IS

GAP

LANCÔME
PARIS







ADVANCED GÉNIFIQUE YEUX LIGHT-PEARL™

YOUTH ACTIVATING EYE & LASH CONCENTRATE

Ný formúla, nú einnig með góðgerlum og augnháranæringu. Hreyfanlegt nuddáhald 360°(með einkaleyfi) kælir samstundis augnsvæðið, fínar línur verða mýkri, dregur úr þrota og baugum, augnsvæðið og augnhárin styrkjast.

# HJÁ LANCÔME HEFST ALLT MEÐ GENIFIQUE

## SERUM DROPAR: LANCÔME „MUST HAVE“

Grunnurinn að fegurð húðarinnar sem allar konur ættu að eiga. Dropar sem vinna á 10 grunnþáttum unglegrar húðar. Draga úr línum og hrukkum og húðin verður fylltari, þéttari, jafnari og fær aukinn ljóma. 14 ára rannsóknir, einkaleyfi á formúlunni til 2029 og húðin verður sjáanlega unglegri á aðeins 8 dögum.

## NÝTT FRÁ LANCÔME



### NÝR GÉNIFIQUE YEUX LIGHT-PEARL™ HYDROGEL MELTING 360°AUGNMASKI

Nýr 360°maski sem inniheldur sama magn Bifidus góðgerla og hálf flaska (20 ml) af Advanced Genifique Yeux Light-Pearl™. Þessi einstaki maski dregur strax úr sjáanleika fínna lína og þrota og augnsvæðið verður bjartara, ferskara og hvíldara. Gegnsæja filman er tekin af augnmaskanum og hann settur á húðina með gelhliðina niður og látinn vera á í 20 mínútur.



### ÓMISSANDI GÉNIFIQUE HYDROGEL MELTING ANDLITSMASKI

Við viljum ekki bíða með að árangur komi í ljós: Þú hefur maskann á í 10, 20 eða 30 mín og hann gefur samstundis ljóma, fyllingu og mýkt. Maskinn inniheldur góðgerlaþrennu og sama magn af Bifidus Extracti og er í einu glasi af Génifique Serumi 30 ml.


NÝJAR HAUSTVÖRUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
My Style tískuhús
my style
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464


Sparibuxur
Verð 14.900 kr.
Stærð 34 - 48
Mörg snið
Kíkið á myndir og verð á Facebook
black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

HLAÐVARPIÐ
á frettabladid.is
hlustaðu þegar þér hentar

Hismið
FRETTABLADID.IS


Úrval verslana með notaðan fatnað hefur aukist. NORDICPHOTOS/GETTY

# Mikilvægt að minnka neyslu

**Í Bretlandi á sér stað átak sem kallast Second hand September sem gengur út á að kaupa engin ný föt allan mánuðinn til að minnka umhverfisáhrif tískuiðnaðarins.**

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is


Góðgerðarsamtökin Oxfam standa fyrir átakinu. Á vefsíðu átaksins segir að árlega endi 11 milljón flíkur í landfyllingu og mikilvægt sé að draga úr þessari sóun. Mikil vitundarvakning hefur orðið undanfarið á slæmum áhrifum hinnar svokölluðu skyndibitatísku. Fyrirsætan Stella Tennant styður átakið og tók þátt í myndaseríu ásamt 14 ára dóttur sinni til að vekja athygli á því.

Markmið átaksins er að hvetja fólk til að kaupa notuð föt af góðgerðarsamtökum í stað þess að kaupa ný föt og lengja þannig líftíma fatnaðarins. Stella segir að það geti verið erfitt að breyta út af venjum sínum og endurnýta gömul föt í stað þess að kaupa ný en hún telur það sannarlega skref í rétta átt. Hún segir að fyrir kynslóð dóttur hennar sé líklega auðveldara að aðlagast breyttum venjum en dóttir hennar er nú þegar dugleg að kaupa sér notuð föt.

Til að minnka fatakaup er mikilvægt að nota hverja flík lengur og gera við flíkur í stað þess að henda þeim. Áætlaður líftími hverrar flíkur í Bretlandi er 2,2 ár. Með því að lengja líftímann um ekki nema þrjá mánuði myndi kolefnisspor hverrar flíkur minnka um 5-10%.


Fyrirsætan Stella Tennant styður átakið.

Það segir sig því sjálft að það að nota hverja flík lengur margborgar sig. Eins getur verið gott að velja föt sem eru tímalaus í stað þess að eltast við nýjustu tískustraumana. Þá eru minni líkur á að fá leiða á fötunum og þannig nýtast þau lengur.

Fataskiptimarkaðir eru líka sniðug lausn vilji fólk lengja líftíma fatanna sinna og á sama tíma að hrista aðeins upp í fataskápnum sínum. Gömul kápa sem hefur hangið ónotuð inni í skáp árum saman gæti verið fjársjóður fyrir einhvern annan. Á fataskiptimörkuðum mætir fólk með föt sem það er hætt að nota svo aðrir geti nýtt þau og þar er hægt að finna sér „ný“ föt án þess að það hafi nokkur áhrif á umhverfið. Slíkir markaðir eru bæði hagkvæmir fyrir budduna og umhverfið.

Ef fólk kaupir minna af nýjum fötum er minna framleitt af þeim og færri flíkur enda sem landfylling. Plastagnir úr gerviefnum eins og pólýester enda síður í sjónum og skaða lífríkið þar. Það er því um að gera að hugsa sig tvisvar um áður en ný föt eru keypt. Er það virkilega þess virði? Það er spurning sem fólk mætti gjarnan spyrja sig að.


Gífurlegt magn af fötum endar sem landfylling ár hvert.

> **Áætlaður líftími hverrar flíkur er 2,2 ár. Með því að lengja líftímann myndi kolefnisspor hverrar flíkur minnka um 5-10%.**

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 228.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Fjórhjól




2020 árgerð!



**Beta 430RR / 300RR**
Algjörlega endurnýjuð hjól hlaðin nýjungum. Sjón er sögu ríkari!
*430RR - Verð 1.789.000,-*
*300RR - Verð 1.669.000,-*
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

### Bátar

MARÁS
TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR




| | |
|---|---|
| **Léttir** | **Kraftmiklir** |
| **Fyrirferðalitlir** | **Sparneytnir** |
| **Hljóðlátir** | **3,5-250 hö** |

**Miðhraun 13 - 210 Garðabær**
**Sími: 555 6444 - www.maras.is**

## Þjónusta

### Hreingerningar

i-mop revolutionary cleaning



Gólfþvottavél sem auðveldar þrif og sparar tíma.
Pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ.
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204




Kassagitarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagitarar á tilboði Rafmagnsgitarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 2ja herb. íbúð, langtímaleiga. Vesturbær Kóp. Tilboð og uppl. í síma: 692-6910

### Húsnæði til sölu



**ÚTSALA 50 FERM Á 6,9 MILLUR.**
2 svefnh. 2 baðh. fullbúið til notkunar.Afhending strax! uppl. 820-5181

### Atvinnuhúsnæði

**VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
Til leigu í Bolholti 4, næsta húsi við Laugaveg 178
Verslunarhúsnæði á götuhæð 235 fm. Laust strax.
Skrifstofuhúsnæði á 2. hæð. 150 fm. Laust fljótlega.
Skrifstofuhúsnæði á 5. hæð. 180 fm. Laust strax.
**Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com.**
**Grensás ehf. / Ragnar**

**TIL LEIGU.**
Kistumelur 14, 289 fm á kr. 1500 pr fm.
Stórar innkeyrsludyr, 9,5 m lofthæð.
**Nánar uppl. s. 840 3992**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**FERÐAVAGNAGEYMSLA.**
Til leigu vetrargeymsla fyrir felli- og hjólhýsi á besta stað í Reykjavík. Uppl. í síma 846-2986

## Atvinna

### Atvinna í boði

**LOFTORKA REYKJAVÍK**
Óskar eftir verkamönnum vönum jarðvinnu og vönum meiraprófsbílstjórum.
**Upplýsingar í síma: 892 0525**
**fridrik@loftorka.com**

**HÁSETA VANTAR.**
Háseta vantar til á mb. Núp BA 69 sem rær með beitingavél frá Patreksfirði. Uppl. í símum 897-1591, 862 5767 og 863 0986.

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

EFLA VERKFRÆÐISTOFA
VEGAGERÐIN

### Umhverfismat fyrir breikkun Vesturlandsvegar

Vegagerðin, í samráði við Reykjavíkurborg, hefur undanfarið unnið að undirbúningi vegna breikkunar Vesturlandsvegar. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og hefur verkfræðistofunni EFLU verið falið að vinna umhverfismatið.

Drög að tillögu að matsáætlun hafa nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU; www.efla.is, Vegagerðarinnar; www.vegagerdin.is og Reykjavíkurborgar; www.reykjavik.is. Allir geta kynnt sér drögin og lagt fram athugasemdir.

**Athugasemdafrestur er frá 5. til 19. september 2019.**

Athugasemdir skal merkja „Breikkun Vesturlandsvegar" og senda með tölvupósti á netfangið jon.agust.jonsson@efla.is eða með bréfpósti á:

EFLA Verkfræðistofa
B.t. Jóns Ágústs Jónssonar
Lynghåls 4
110 Reykjavík



**Nissan Micra**
Nýskráður 8/2012, ekinn 88 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Verð kr. 690.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði.



**Toyota Aygo**
Nýskráður 5/2014, ekinn 43 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Verð kr.890.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Honda Jazz Elegance**
Nýskráður 6/2011, ekinn 108 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr.990.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Chevrolet Spark**
Nýskráður 9/2012, ekinn 55 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Verð kr.490.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði



**Honda Jazz**
Nýskráður 5/2011, ekinn 72 þús.km., bensín, beinskiptur.
**Verð kr.790.000**
Allt að 100% fjármögnun í boði

Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

## Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

## ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

**Formbólstrun**

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is



**Göngubraut: 69.500,-**

Hámarks þyngd notanda: 110 kg.
8 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x115 sm.
Afgreitt alla daga. Uppl. í síma 661-1902.
Bíldshöfða 16, Rvk.

ÞREKTÆKI

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

EYJALIND

## Gúmmíbelti

- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Snyrti & Nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 – 210 Garðabæ

- Andlitsbað, litun og plokkun
- Tilboð 9.500.-
- Meðferð tekur 60 mín



Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í s. 789 3031 • snyrtiognuddstofansmart@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is



Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

# Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna

Capacent_

capacent.is


# Búseturéttir til sölu

búmenn



## Hólmvað 8, íbúð 304

Til sölu er búseturéttur að Hólmvaði 8 í Norðlingaholti. Eignin er á 3 hæð í fjölbýli með fallegu útsýni. Hún er 3 herbergja, 95,0 fm að stærð með stæði í bílakjallara.

Ásett verð búseturéttarins er kr.9.300.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.ágúst sl, er kr.217.308.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.



## Hólmvað 6c

Til sölu er búseturéttur að Hólmvaði 6c, í Norðlingaholti. Eignin er í raðhúsi og er 2 herbergja, 81,0 fm að stærð. Íbúðin er nýmáluð og á henni er nýtt parket.

Ásett verð búseturéttarins er kr.8.900.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.ágúst sl, er kr.220.838.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.



## Stekkjargata 25

Til sölu er búseturéttur að Stekkjargötu 25 í Njarðvík. Eignin er parhús, 3 herbergja ásamt bílskúr og sólskála. Íbúðin er 104,6 fm að stærð og bílskúrinn 30,1 fm. Samtals 134,7 fm.

Ásett verð búseturéttarins er kr.7.500.000,- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.september, kr.196.913.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður og þjónustugjald.



## Blásalir 24, íbúð 504

Til sölu er búseturéttur í Blásölum 24, íbúð 504. Eignin er á 5 hæð í fjölbýli, 4 herbergja, 123,6 fm að stærð með stæði í bílageymslu.
Íbúðin er mikið endurnýjuð og er einstök útsýnisíbúð með útsýni í fjórar áttir.

Ásett verð búseturéttarins er kr.18.500.000- og mánaðarlegt búsetugjald miðað við 1.september, er kr.226.572.

Innifalið í mánaðarlegu búsetugjaldi er afborgun skuldabréfa, fasteigna- og holræsagjöld, rekstur húsfélags, tryggingar, viðhaldssjóður, bílageymslugjald, aukagjald og þjónustugjald.

**Þeir sem hafa áhuga á að skoða eignina og/eða gera tilboð í búseturéttinn, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Búmanna í síma 552-5644 eða í gegnum netfangið bumenn@bumenn.is**
**Tilboðsfrestur er til 13.september kl.12.00**

ÚT Á GRANDA

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán. – fös. kl. 10 – 18. Laugardag kl. 10 – 16. Sunnudag kl. 10-14.



## Merkisatburðir

**1882** New York-borg er raflýst, fyrst allra borga í heiminum, að tilstuðlan uppfinningamannsins Edisons.

**1943** Íslandsklukkan eftir Halldór Kiljan Laxness kemur út og hlýtur mjög góðar viðtökur.

**1949** Vígð er kirkja í Möðrudal á Fjöllum.

**1954** Þverárvirkjun í Steingrímsfirði er vígð.

**1969 Björgvin Halldórsson**, 18 ára, er kosinn poppstjarna ársins á popphátíð í Laugardalshöll í Reykjavík.



**1973** Menntamálaráðherra ákveður að fella bókstafinn z brott úr opinberu íslensku ritmáli.

**1984** Níunda hrina Kröfluelda hefst, kraftmeiri en hinar.

**1995** Fjórða heimsráðstefna kvenna er sett í Peking í Kína.



Guðný og Gunnar Kvaran ætla að hefja leikinn á laugardaginn.

# Fríir söfnunartónleikar

**Allt frá því að Háteigskirkja var hönnuð og tekin í notkun hefur verið gert ráð fyrir stóru orgeli þar. Nú er að fara af stað tónleikaröð til styrktar kaupum á því.**

Guðný Einarsdóttir er organisti Háteigskirkju. Hún er að skipuleggja tónleika þar fyrsta laugardag hvers mánaðar í vetur klukkan 17. Þeir fyrstu eru nú á laugardaginn, þá spilar Gunnar Kvaran sellóleikari með henni. Ekkert kostar inn en baukur hafður opinn fyrir orgelsjóð. „Ég er búin að vera eitt ár hér í Háteigskirkju og mér fannst strax áhugavert og mikilvægt að endurlífga orgelsjóð sem búinn er að vera til í mörg, mörg ár. Það hefur alltaf staðið til að fá vandað orgel á svalirnar, eins og gert var ráð fyrir við hönnun kirkjunnar.“

Hljóðfærið sem nú er notað keypti Marteinn Hunger til bráðabirgða þegar hann var organisti kirkjunnar á sínum tíma. Það er lítið sjö radda orgel sem hefur ágætan hljóm en ekki mikla breidd, að sögn Guðnýjar.

„Þessi kirkja be alveg stærra hljóðfæri og meiri fjölbreytileika. En það er ekki búið að ákveða hvernig orgel verður keypt og ég vil byrja söfnunina með frjálsum framlögum tónleikagesta og sjá hvernig það gengur. Býst ekki við að ég safni fyrir öllu hljóðfærinu með þessari tónleikaröð, því sjóðurinn er ekki stór fyrir. Þetta verður brekka en skemmtileg brekka því það skapaðist strax góð stemning fyrir málefninu og margir velunnarar og listamenn vilja leggja sitt af mörkum.“

Kór kirkjunnar stendur þétt við bakið á Guðnýju. „Þetta er bara dásamlegur kór, þegar ég bar hugmyndina varfærnislega undir hann, hvort við gætum hugsanlega, mögulega, haft tvenna eða þrenna tónleika fyrir jól þá voru allir til í það. Þarna er hæfileikafólk sem er tilbúið að spila á hljóðfæri og syngja einsöng,“ lýsir hún.

„Ég lagði líka upp með að stemningin á tónleikunum þyrfti ekki að vera alltof hátíðleg, heldur mætti vera heimilisleg, það féll í góðan jarðveg. Við erum að gera þetta fyrir málefnið og því skapast sérstakt andrúmsloft.“

Guðný segir þau Gunnar Kvaran verða á klassískum nótum á laugardaginn, með Bach og fegurð. „Það hefur staðið til að við héldum tónleika saman og ég stakk upp á að hann opnaði með mér þessa tónleikaröð, honum leist vel á það.“ **gun@frettabladid.is**

# Skemmtu sér best í tívolíinu Líseberg

Sjö ungir menn fóru í skemmtiferð til Svíþjóðar á dögunum. Þeir mynda góðan vinahóp eftir að hafa hist oft í sumarbúðunum sem Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekur í Reykjadal í Mosfellsdal. Í ferðinni heimsóttu þeir sumarbúðir fatlaðra á Ågrenska, eyju úti fyrir Gautaborg, enda fengu þeir fengu styrk til þess frá Erasmus+.

„Það var alger draumur að vera á Ågrenska. Þar var hugsað fyrir öllum þörfum fatlaðra,“ segir Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir, einn aðstoðarmannanna sjö frá Reykjadal sem voru með í för til aðstoðar. Félagarnir fóru í ratleik í Gautaborg en einn af hápunktum ferðarinnar var þegar þeir fóru í Tívolíið Liseberg. Þeir fóru meðal annars í öll tækin – aftur og aftur! Flestir höfðu farið í rússíbana áður en sumir aldrei. - **gun**



Allir nota félagarnir hjólastól en höfðu hver sinn aðstoðarmann.



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Margrétar Sveinsdóttur**
áður Baldursgötu 26.

Innilegar þakkir til starfsfólks Hrafnistu Laugarási fyrir umhyggju og umönnun.

**Gunnar V. Guðmundsson** | **Petrína Ó. Þorsteinsdóttir**
**Karl B. Guðmundsson** | **Guðrún Vilhjálmsdóttir**
**Björgvin G. Guðmundsson** | **Hildur Pálmadóttir**
**Þórir B. Guðmundsson** | **Hafdís Ingimundardóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Þökkum fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, fósturmóður, tengdamóður, systur og ömmu,

**Þóru Ólafsdóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi og gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut.

**Aad Groeneweg**
**Ólafur Þór Jóelsson** | **Margrét Sif Hákonardóttir**
**Jón Pétur Jóelsson**
**Harold Groeneweg** | **Bodil Groeneweg**
**Íris Anna Groeneweg** | **Þórarinn R. Pálmarsson**
**Helga Jóna Ólafsdóttir** | **Ásgeir Friðsteinsson**
**Edda Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Systir okkar,

**Hulda Guðfinna Pétursdóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Snælandi 2, Reykjavík,

lést að Hrafnistu í Laugarási fimmtudaginn 22. ágúst. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ingibjörg Sigurðardóttir Kolbeins**
**Þórdís Sigurðardóttir**



Leyfðu okkur að aðstoða þig!

GARÐHEIMAR

540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Tryggvi Brandr Jóhannsson**

lést á sjúkrahúsinu á Húsavík 28. ágúst sl. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 7. september kl. 14.

**Guðlaug Sigmarsdóttir**
**Sigmar Tryggvason** | **Þorbjörg Björnsdóttir**
**Guðrún Tryggvadóttir** | **Jón Ragnars**
**Ágústa Tryggvadóttir** | **Jóhann Kristinn Gunnarsson**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,

**Björn Geir Jóhannsson**

lést í Stavanger, Noregi, þann 16. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu 9. september klukkan 13.

**Anna Antonsdóttir**
**Eyrún Erla Björnsdóttir** | **Ívar Húni Jóhannesson**
**Jóhann F. Björnsson**
**Logi Freyr og Guðbjörg Tara**




Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 °C | 6 |
| Ísafjörður | 7 °C | 4 |
| Akureyri | 9 °C | 2 |
| Egilsstaðir | 8 °C | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 8 °C | 7 |
| Hveravellir | 5 °C | 6 |

Vestlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s og lítilsháttar væta í flestum landshlutum. Gengur í sunnan- og suðaustanátt 5-13 sunnan- og vestanlands í fyrramálið, hvassast syðst. Rigning með köflum í flestum landshlutum síðdegis á morgun, sist norðanlands. Hiti 7 til 13 stig yfir daginn.

## Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 °C | 3 |
| Ísafjörður | 7 °C | 3 |
| Akureyri | 12 °C | 0 |
| Egilsstaðir | 10 °C | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 8 °C | 1 |
| Hveravellir | 6 °C | 4 |

## Laugardagur

| Staður | Hiti | Vindur (m/s) |
|---|---|---|
| Reykjavík | 12 °C | 6 |
| Ísafjörður | 11 °C | 4 |
| Akureyri | 11 °C | 3 |
| Egilsstaðir | 12 °C | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 10 °C | 5 |
| Hveravellir | 8 °C | 12 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | 5 | | 2 | | | | |
| 2 | | | | | 8 | | 9 | |
| 6 | | 8 | 1 | 3 | | | | |
| 9 | | | | 5 | 2 | 3 | 1 | |
| | 6 | | | 3 | | | | 8 |
| | | 2 | | | 1 | | | |
| 5 | 1 | | 9 | 6 | | | | 2 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | 6 | | | 7 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 slíku
5 ábreiða
6 átt
8 galgopi
10 tveir eins
11 boð
12 garmur
13 eind
15 uppruni
17 rógberi

**LÓÐRÉTT**
1 hengslast
2 eggver
3 mari
4 skaprauna
7 orðastaður
9 býsna
12 kaup
14 málmur
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 svona, 5 lak, 6 nv, 8 æringi, 10 pp, 11 orð, 12 skar, 13 stak, 15 tilurð, 17 naðra.
**LÓÐRÉTT:** 1 slæpast, 2 varp, 3 oki, 4 angra, 7 viðræða, 9 nokkuð, 12 sala, 14 tin, 16 rr.

## Skák Gunnar Björnsson

Herb átti leik gegn Bellas í Franklandi árið 1978.
Hvítur á leik

**1. Rc6! Hg7 2. Rbxa7+ Kd7 3. De5 1-0.** Hannes Hlífar Stefánsson og Davíð Kjartansson sitja að tafli í Túnis þessa dagana og Helgi Áss Grétarsson á Krít. Í gær var framhald Skákframtíðarinnar kynnt til leiks.
**www.skak.is:** Skákframtíðin.

Hvítur á leik



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 5 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 4 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







ÚTSALA
Síðustu dagar
útsölunni lýkur
á laugardag
30-50%
afsláttur
icebreaker MERINO
100% Merino ullarfatnaður, stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.
Einnig fáanleg í barna-stærðum
OSPREY
BAKPOKAR
OSPREY
Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins
30-50%
afsláttur
Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur
30%
afsláttur
EXPED
FERRINO
GSI OUTDOORS
Svefnpokar, vindsængur, pottar, pönnur, hita-og kælibrúsar broddar ofl. frá GSI, Ferrino, Exped og Veriga með góðum afslætti
GÖNGUSKÓR OG SANDALAR
KEEN
30-50%
afsláttur
patagonia
50-70%
afsláttur
Allar GRIVEL og singing rock vörur með góðum afslætti
Afsláttarborðin verða að sjálfsögðu á sínum stað með enn betri kjörum!
GG·sport
Opið virka daga
frá 10-18
GG-sport
BYKO
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi • sími: 571 1020 • www.ggsport.is
Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

# BÍLAR




Mercedes-Benz AMG GLE 53.

## Mercedes-Benz GLE fær AMG 53 kraftaútgáfu

Mercedes-Benz GLE sem leysti af M-Class jeppann hefur verið á markaði síðan árið 2016 og nú fær hann kraftaútgáfu í formi 429 hestafla AMG 53 bíls. Hann verður vopnaður 3,0 lítra bensínvél með tveimur öflugum forþjöppum og 48V mildhybrid kerfi sem færir bílnum auka 22 hestöfl til skamms tíma. Bíllinn er því snöggur á sprettinum og kemst í 100 km hraða á 5,3 sekúndum. Bíllinn er engu að síður sparneytinn og uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er 9,4 lítrar á hverja ekna 100 km. Bíllinn verður á loftpúðafjöðrun og fær risastóra 400 mm bremsudiska til að hemja allan kraftinn.

**Loftpúðafjöðrun lækkar bílinn**

GLE AMG 53 bíllinn stendur 15 mm lægra á vegi en hefðbundinn GLE-jeppi þegar hann er stilltur á Sport eða Sport+ akstursstillingu og lækkar sig sjálfur í hvaða stillingu sem er þegar farið er yfir 120 km hraða. Velja má milli sex mismunandi gerða álfelga á bílinn, frá 20 til 22 tommu. Bíllinn er að auki með 60 mm styttra hjólhaf en hefðbundinn GLE til að auka á aksturshæfni hans. Stuðarar bílsins eru öðruvísi en í hinum hefðbundna og með stærra loftinntaki að framan, fjögur púströr eru að aftan, fótstig bílsins eru úr ryðfríu stáli og stöguð AMG-framsæti eru í bílnum.

ÚTSALA
30-70%
BÍLSKÚRSFLÍSAR kr.1790.-m2
TARKETT HARÐPARKET 8 mm 2 gerðir kr.1890.-m2
FLÍSAR réttskornar 30x60 cm kr.1.990.-m2
ALLIR GÓLFDÚKAR OG TEPPI 25% AFSL.
ÁLFABORG - síðan 1986 -
Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is



Ferrari SF90 Stradale er með ógnarafl og leit er að bíl sem er sneggri á sprettinum.

## Fyrsti tengiltvinnbíll Ferrari er 986 hestöfl

Alls 769 hestafla V8-bensínvél og þrír samtals 217 hestafla rafmagnsmótorar. Með öllu þessu afli er bíllinn aðeins 2,5 sekúndur í 100.

Ítalski sportbílaframleiðandinn Ferrari verður ekki vændur um að stökkva snemma á rafbílalestina, en nú er þó kominn fram fyrsti Ferrari-bíllinn með innstungu, það er SF90 Stradale. Það þýðir þó ekki að hann sé hreinræktaður rafmagnsbíll, heldur með bæði brunavél og rafmótora. Í leiðinni fer hér öflugasti fjöldaframleiddi bíll Ferrari frá upphafi, enda hestöflin hvorki fleiri né færri en 986. Þau koma frá 769 hestafla V8 bensínvél og þremur samtals 217 hestafla rafmagnsmótorum. Einn þeirra er staðsettur milli vélar og sjálfskiptingar bílsins og sitt hvor mótorinn er svo á framhjólunum. Það gerir bílinn fjórhjóladrifinn.

**Er 2,5 sekúndur í 100**

Ferrari SF90 Stradale er með fjórum akstursstillingum, eDrive fyrir eingöngu akstur á rafmagni, Hybrid fyrir blöndu beggja, Performance en þá er brunavélin alltaf í gangi og Qualify þar sem hámarksafl rafmagnsmótoranna er nýtt.

Ferrari segir að þeim auka 270 kílóum sem bíllinn þyngist um með rafhlöðunum og rafmótorunum sé meira en mætt með því aukaafli sem fæst úr rafmagninu. Bíllinn er aðeins 2,5 sekúndur í 100 km hraða og hámarkshraðinn er 340 km/klst. Ferrari SF90 Stradale er sem dæmi 0,4 sekúndum sneggri í hundraðið en hinn 710 hestafla Ferrari F8 Tributo og er þremur sekúndum sneggri að fara Fiorano tilraunabraut Ferrari en F8 Tributo. Rafhlaða SF90 Stradale er ekki ýkja stór, 7,9 kW, og því dugar hámarksafl rafmótoranna ekki lengi, en þó fyrir heilan hring á flestum keppnisbrautum.

**» RAFHLAÐA SF90 STRADALE ER EKKI ÝKJA STÓR, 7,9 KW, OG ÞVÍ DUGAR HÁMARKSAFL RAFMÓTORANNA EKKI LENGI, EN ÞÓ FYRIR HEILAN HRING Á FLESTUM KEPPNISBRAUTUM.**

Hægt er að aka bílnum um 25 kílómetra á rafmagninu einu saman og með því má aka bílnum á allt að 135 km hraða. Söluverð Ferrari SF90 Stradale er 430.000 evrur í Evrópu, eða 60 milljónir króna.

## Volkswagen Group mokselur í Kína

Það skiptir bílaframleiðendur líklega mestu máli að vel gangi að selja bíla þeirra á stærsta bílamarkaði heims, í Kína. Það á sem stendur við bílarisann Volkswagen Group en í júlí jók fyrirtækið við sölu sína þrátt fyrir heilmikinn samdrátt almennt í Kína, bæði í þeim mánuði og undanfarið ár. Sala Audi-bíla í júlí jókst um 6%, sala Volkswagen-bíla um 2%, en sala Skoda-bíla dróst saman um 16%, en heildaraukningin nam 1,3%. Á meðan féll salan í Kína um 13% svo árangur Volkswagen Group verður að teljast góður og fyrirtækið hefur verulega unnið á í markaðshlutdeild að undanförnu í Kína.

**Stefnir í 3,8 milljón bíla sölu**

Á fyrstu sjö mánuðum ársins hefur VW Group selt 2,23 milljónir bíla í Kína og stefnir því í um 3,8 milljón bíla sölu þar í ár. Í ár stefnir í um 20 milljón bíla heildarsölu í Kína og því gæti markaðshlutdeild VW Group orðið um 19%. General Motors frá Bandaríkjunum hefur á undanförnum árum gengið einkar vel að selja bíla sína í Kína en þó hafa síðustu mánuðir ekki verið gjöfulir og minnkaði sala GM um 20% í júlí miðað við sama mánuð í fyrra. Margir aðrir bílaframleiðendur hafa horft á samsvarandi samdrátt að undanförnu.




Á meðan sala bíla í Kína minnkaði um 13% jók Volkswagen söluna um 1,3%.

**» Í ÁR STEFNIR Í UM 20 MILLJÓN BÍLA HEILDARSÖLU Í KÍNA OG ÞVÍ GÆTI MARKAÐSHLUTDEILD VW GROUP ORÐIÐ UM 19%.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Bónus Súpur

Þarf aðeins að hita

SAMA VERÐ UM LAND ALLT




1.598 kr./ stk.

**Bónus Súpur**
5 tegundir - 1-1,2 kg




698 kr./2 l

**Mjúkís**
4 tegundir, 2 l

## Ítalskar Gæðavörur




169 kr./425 g

**Himneskt Maukaðir tómatar**
**Himneskt Tómatpassata**
Ítalskir, lífrænir tómatar, 425 g

879 kr./500 ml

**Himneskt Jómfrúar Ólífuolía**
Kaldpressuð, lífræn, 500 ml




598 kr./500 g

**Gevalia Kaffi**
Original 500 g

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

**Smáratorg og Skeifan:** Mán-Lau; 10:00-19:00 • Sun; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **8. september** eða meðan birgðir endast.



Margir áhugaverðir tónleikar eru fram undan hjá Sinfóníuhljómsveitinni í vetur, að mati Jónasar Sen. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Spáð í vetrardagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands

**Tónlist úr The Shining, harmóníkukonsert og Valkyrjur Wagners eru meðal atriða.**

Tónlistarfólk dreymir oft martraðir sem tengjast því að koma fram fyrir áheyrendur. Dæmigert er að viðkomandi frétti að hann eigi að spila á tónleikum næsta dag, allsendis óundirbúinn. Vladimir Ashkenazy dreymdi einu sinni slíkan draum. Hann gekk fram á sviðið til að spila einleikinn í þriðja píanókonsertinum eftir Rakhmanínoff. Þá uppgötvaði hann sér til skelfingar að hljómborð flygilsins var lóðrétt.

Konsertinn er engin smásmíði. Hann er gríðarlega erfiður í flutningi. Heljarstökkin eftir hljómborðinu eru ekki á hvers manns færi. Verkið verður á dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands í mars og einleikari verður píanósnillingurinn Olga Kern.

Kern hefur komið til Íslands áður, fyrst aðeins barn að aldri. Þá var hún í hópi af efnilegu tónlistarfólki frá Sovétríkjunum sálugu. Hún vakti þar athygli fyrir mikla tónlistarhæfileika og þó sérstaklega hvernig hún fletti nótnabókinni. Í stað þess að fletta eins og maður gerir venjulega, setti hún allan lófann á blaðsíðuna miðja og snaraði henni til hliðar. Einhverjir innlendir tónlistarmenn reyndu þetta á eigin nótnabókum þegar heim var komið, og eyðilögðu þær.

Kern er nú með virtustu píanóleikurum samtímans og vekur ávallt lukku fyrir magnaða frammistöðu. Hún spilaði t.d. með glæsibrag annan píanókonsertinn eftir Rakhmanínoff með Sinfóníunni fyrir allnokkru síðan. Tónleikar hennar í mars næstkomandi eru því tilhlökkunarefni.

### Fyrir vinstri hönd eingöngu

Sjálfsagt er ekkert grín að spila á lóðrétt hljómborð. En það er heldur ekkert gamanmál að missa útlim, hvað þá fyrir píanóleikara. Þetta kom fyrir Paul Wittgenstein, sem missti hægri handlegginn í fyrri heimsstyrjöldinni.

Flestir myndu leggja árar í bát við slíkar kringumstæður, en ekki Wittgenstein. Hann fékk tónskáld til að semja verk fyrir sig. Þar standa upp úr tveir píanókonsertar eftir öndvegistónskáld, þau Ravel og Prókofíev.

Í þessum tónsmíðum er nánast ógjörningur fyrir venjulegan leikmann að heyra að aðeins sé leikið með annarri hendinni. Hægri pedallinn er notaður ríkulega til að tengja saman nótur og hljóma, og vinstri höndin fer út um allt hljómborð, oft á ógnarhraða.

> GAMAN VERÐUR AÐ HEYRA KONSERTANA; NÝSKÖPUN ER MIKILVÆG EF KLASSÍSK TÓNLIST Á EKKI AÐ STAÐNA.

Að þessu sinni fáum við að heyra konsertinn eftir Ravel um miðjan september. Áhugasamir eru hvattir til að sjá undrið frekar en að hlusta bara á það í útvarpinu. Það er Jean-Efflam Bavouzet sem leikur einleik. Hann spilaði hinn konsertinn eftir Ravel, í það skipti fyrir báðar hendur, með Sinfóníunni fyrir ekki löngu síðan. Það kom vel út.

### Draumfagrar laglínur

Fleiri píanókonsertar eru á dagskrá hljómsveitarinnar í vetur. Sérstaka athygli vekur annar konsertinn eftir Brahms. Hann verður á dagskrá í október og er óvanalega viðamikill, í rauninni eins og heil sinfónía. Tónlistin skartar draumfögrum laglínum og stórkostlegum hápunktum sem framkalla gæsahúð ef vel er gert.

Einleikari verður Stephen Hough, en hann er frábær píanisti sem ávallt nálgast viðfangsefni sitt af frumleika og skáldskap. Undirrituðum er enn í fersku minni túlkun hans á Rapsódíunni eftir Rakhmanínoff. Hún var svo óvanaleg og jafnframt svo sannfærandi að það var eins og að heyra þessa útjöskuðu tónsmíð í fyrsta sinn.

### Fiðlukonsert eftir leikhústónskáld

Annar forvitnilegur einleikskonsert er fyrir fiðlu og eftir Kurt Weill. Hann verður fluttur af Erin Keefe í mars. Fæstir þekkja tónsmíðina, sem er þó skemmtileg, enda er Weill fyrst og fremst kunnur fyrir leikhústónlist sína.

Einnig má nefna fiðlukonsertinn Offertorium eftir Sofiu Gubaidulina í meðförum Vadim Gluzman aðeins síðar. Tónlist hennar er reyndar ekki fyrir hvern sem er. Hún er yfirleitt trúarlegs eðlis og gríðarlega alvöruþrungin, gjarnan myrk og drungaleg, en ávallt áhugaverð.

### Ekki þessa heims

Það verður draugagangur í föstudagsröðinni á einum tímapunkti, en tónleikarnir eru alltaf klukkan sex á föstudögum. Annar kaflinn í Tónlist fyrir strengi, selestu og slagverk eftir Bartók var notaður á áhrifaríkan hátt í kvikmyndinni The Shining eftir Stanley Kubrik. Þetta er einhver óhugnanlegasta, en jafnframt mest grípandi tónlist sem um getur. Maður bókstaflega séð afturgöngurnar – og þær eru ekki fallegar.

Fleira annarsheimslegt verður á dagskrá Sinfóníunnar í vetur, þ. á m. Aion eftir Ernu Ómarsdóttur og Önnu Þorvaldsdóttur. Dansverk Ernu vekja ætíð athygli fyrir kynngi og frumleika, og tónlist Önnu er myrk og seiðandi.

### Nýir íslenskir konsertar

Alltaf ber til tíðinda þegar nýr einleikskonsert lítur dagsins ljós. Frumfluttur verður harmóníkukonsert eftir Huga Guðmundsson og konsert fyrir hljómsveit eftir Snorra S. Sigfússon á Myrkum músíkdögum. Konsert fyrir hljómsveit án einleikara þýðir að einleikshlutverkið er í höndum mismunandi hljóðfærahópa hljómsveitarinnar. Gaman verður að heyra konsertana; nýsköpun er mikilvæg ef klassísk tónlist á ekki að staðna.

### Ollikainen og Wagner

Sinfónían fagnar 70 ára afmæli þann 9. mars. Á þessum hátíðartónleikum mun Eva Ollikainen stjórna, en hún hefur verið ráðin aðalstjórnandi sveitarinnar frá hausti 2020. Hún er fyrst kvenna til að gegna þessari stöðu. Ollikainen hefur stjórnað hér áður og ávallt staðið sig með sóma. Á tónleikunum verður m.a. flutt fyrsta sinfónía Mahlers, sem er full af hrífandi náttúrustemningu.

Loks verður að nefna uppfærslu Íslensku óperunnar á Valkyrju Wagners í samvinnu við Sinfóníuna í vor, en óperur tónskáldsins eru sjaldséðar hér á landi. Niflungahringurinn var fluttur í mjög styttri mynd á Listahátíð 1994, og löngu síðar var Hollendingurinn fljúgandi settur upp. Núna er komið að Valkyrjunni í heild sinni, sem er annar hluti Niflungahringsins (þeir eru alls fjórir). Valkyrjan er ein stórbrotnasta ópera tónbókmenntanna. Gaman verður að sjá og heyra hvernig til tekst.

**Jónas Sen**

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. SEPTEMBER 2019

### Dans

**Hvað?** Háskóladansinn
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólatorg HÍ
Tólf meðlimir Háskóladansins taka sporið og kynna dansnámskeið á vegum félagsins.

### Myndlist

**Hvað?** Pólsk grafíklist
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Listasafn Reykjanesbæjar, Duus húsum
Veruleikinn og vindingar hans, úrvalsgrafík frá Póllandi er yfirskrift sýningar sem er sérstaklega valin af Jan Fejkiel, forstöðumanni Fejkiel gallerísins í Kraká.

**Hvað?** Óvænt stefnumót
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Listasafn Reykjanesbæjar, Duus húsum
Í tilefni Ljósanætur eru leiddar saman sex listakonur, Gunnhildur Þórðardóttir, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Kristín Rúnarsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Sossa og Valgerður Guðlaugsdóttir. Verk þeirra eru unnin með fjölbreyttri tækni.

**Hvað?** Biometric Exit
**Hvenær?** 18.00-21.00
**Hvar?** Midpunkt, Hamraborg 22, Kópavogi
Einkasýning tvíeykisins Jake Laffoley og Lionell Guzman frá Montréal og New York fjallar um öra fjölgun eftirlitskerfa í almenningsrýmum og innan heimila.

**Hvað?** Leiðsögn um sýninguna Rið
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi
Leiðsögnin hefst á samtali Finnboga Péturssonar myndlistarmanns og Markúsar Þórs Andréssonar sýningarstjóra um sýningu þess fyrrnefnda. Svo ræðir Finnbogi við gesti og svarar spurningum.

### Orðsins list

**Hvað?** Café Lingua/Taílensk menning og tunga
**Hvenær?** 17.00-18.30
**Hvar?** Borgarbókasafnið Gerðubergi, Breiðholti
Eva Nittaya leiðir fólk inn í töfrandi heim Taílands. Gestir fá tækifæri til að smakka á taílenskum réttum, læra setningar á taílensku og skrifa nafnið sitt með taílensku letri. Dansar verða sýndir og tónlist leikin. Taílenskar barnabækur verða til skoðunar.

### Tónlist

**Hvað?** Sinfóníutónleikar
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Torfunes, Ísafirði
Ísfirska sópransöngkonan Herdís Anna Jónasdóttir syngur nokkur vinsæl sönglög og aríur með sveitinni og tónleikunum lýkur með fimmtu sinfóníu Sibeliusar undir stjórn Daníels Bjarnasonar.

**Hvað?** Upprennandi djassspilarar
**Hvenær?** 17.00-22.00



Laura Jurd sækir innblástur jafnt í klassík, djass og þjóðlagatónlist. Hún leikur með Valdimar Kolbeini og Scott McLemore í Tjarnarbíói í kvöld.

**Hvar?** Ráðhús Reykjavíkur við Tjörnina
Bönd Tónskóla Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Mosfellsbæjar og Reykjanesbæjar spila. Tónleikarnir eru liður í Jazzhátíð Reykjavíkur.

**Hvað?** Jazzhátíð Reykjavíkur
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu 12
Kvartett Árna Heiðars Karlssonar leikur, Árni Heiðar á píanó, Joakim Berghall á saxófón, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur.

**Hvað?** Jazzhátíð Reykjavíkur
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Laura Jurd leikur á trompet, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur.

**Hvað?** Jazzhátíð Reykjavíkur
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Salsakommúnan leikur.

**Hvað?** Klúbbakvöld Hausa
**Hvenær?** 21.00-01.00
**Hvar?** Bravó, Laugavegi 22
Allt það nýjasta í drum & bass í bland við gamla klassík.




BÍÓ

## Verðlaunaspá frá Feneyjum

Edda Karítas Baldursdóttir
eddakaritas@frettabladid.is

Kvikmyndahátíðin í Feneyjum er í fullum gangi og í ár keppa 21 mynd um Gullna ljónið, aðalverðlaun hátíðarinnar, en myndir sem sýndar eru þar hafa ríka tilhneigingu til þess að hreppa tilnefningar til allra helstu kvikmyndaverðlaunanna. Það er því ekki seinna vænna en að rýna í hvaða kvikmyndir gætu orðið verðlaunamyndir næsta árs.

**Joker**
Joaquin Phoenix hefur hlotið mikið lof fyrir túlkun sína á erkióvini Leðurblökumannsins í þessari mynd sem fjallar um hvernig misheppnaði grínistinn Arthur Fleck varð að alræmdasta illmenni DC-myndasöguheimsins.



**The King**
Er önnur stórmynd frá Netflix sem gagngrýnendur keppast við að ausa lofi. Leikarinn ungi Timothée Chalamet fer þar listavel með hlutverk konungs sem þarf að takast á við nýfengin völd í stríðshrjáðu konungsíki. Robert Pattinson og Lily-Rose Depp fara með önnur veigamikil hlutverk.




**Marriage Story**
Streymisveitan Netflix herðir enn róðurinn í framleiðslu kvikmynda og kemur að þremur myndum á þessum lista. Stórleikararnir Scarlett Johansson og Adam Driver fara með hlutverk hjóna á barmi skilnaðar í þessari ljúfsáru mynd frá leikstjóranum Noah Baumbach.




**The Laundromat**
Óskarsdrottningin Meryl Streep fer fyrir flokki einvalaliðs leikara í þessari mynd sem er lauslega byggð á afhjúpun Panama-skjalana og leynimakki lögfræðistofunnar Mossack Fonseca. Þessi Netflix mynd þykir einstaklega vel gerð og gamansöm þrátt fyrir alvarleg efnistök.




**Seberg**
Myndin byggir á sönnum atburðum en í henni fer Kristen Stewart með hlutverk leikkonunar umdeildu Jean Seberg. Seberg var ofsótt af FBI fyrir stuðning við öfgahópa á borð við NAACP og The Black Panther Party. Seberg gæti notið þess að sannsögulegar kvikmyndir hafa löngum verið vinsælar hjá dómnefndum.





Sjömenningarnir í Lúseraklúbbnum eiga varla orð yfir hið illa sem mætir þeim í gervi trúðsins Pennywise og kalla það bara Það.

# Illt er við Það að eiga

Seinni hálfleikurinn í baráttu sjömenninganna í Lúseraklúbbnum við hinn yfirnáttúrulega barnamorðvarg, tannhvassa holræsatrúðinn Pennywise, hefst á Íslandi í dag þegar sýningar hefjast á It Chapter Two.

Stephen King er rithöfundur margra orða og hryllingssögur hans telja oftar en ekki þúsund blaðsíður eða svo. Doðranturinn It, sem hann sendi frá sér 1986, er þar engin undantekning þannig að afráðið var að afgreiða þær 1100 síður í tveimur kvikmyndum; It sem kom út 2017 og It Chapter Two sem er frumsýnd á Íslandi í dag.

Þessi skipting hentar ágætlega þar sem skáldsagan gerist á tveimur skeiðum í lífum aðalpersónanna. Fyrri myndin náði upp býsna góðum hrolli þar sem greint var frá baráttu krakkanna sjö í Lúseraklúbbnum við gasalega forynju sem stundar með reglulegu millibili, jafnan í gervi dansandi trúðsins Pennywise, að slátra börnum í Derry í Maine í Bandaríkjunum.

Frumgelgjunum gekk merkilega vel að kveða óværuna niður en sóru þess þó dýran eið að snúa bökum saman á ný ef óféti mið myndi láta aftur á sér kræla. Og það gerir skrattakollurinn þegar börnin eru orðin fullorðinn. Hefst þá seinni kaflinn með ekki síðri djöfulgangi en í þeim fyrri.

**Allir vilja King kveðið hafa**

King hefur notið slíkra vinsælda í fjóra áratugi eða svo að nánast allt sem hann hefur sent frá sér á prenti hefur verið kvikmyndað, ýmist fyrir bíó eða sjónvarp. Rétt eins og verk höfundarins hafa þær afurðir verið mjög misjafnar að gæðum og leikstjórum hafa verði mjög mislagðar hendur.

Segir þó sitt um slagkraftinn í King að fjöldi þungavigtarleikstjóra hefur sótt í smiðju Kings, til dæmis Stanley Kubrick, Brian De Palma, John Carpenter, George A. Romero, Lawrence Kasdan, David Cronenberg og Bryan Singer.

Frank Darabont og Rob Reiner eiga að öðrum ólöstuðum heiðurinn af fjórum af allra bestu aðlögunum verka Kings og hafa meira að segja hvor sótt sér sína nóvelluna úr safninu Different Seasons með frábærum árangri. Darabont með The Shawshank Redemption og Reiner föndraði hina sígildu Stand By Me upp úr The Body.

Darabont fór ekki síður vel með framhaldssöguna The Green Mile en hökti aðeins þegar hann tók smásöguna The Mist og hefur ekki rótað í bókasafni Kings síðan hann gerði hana.



1983 fór John Carpenter þeysireið á Christine, andsetna tryllitækinu. Bókin er ferlega góð og myndin virkaði á unglinga síns tíma en eldist frekar illa.



King skrifaði Running Man 1982 og fimm árum síðar trommaði Schwarzenegger upp í ljótasta 80's-galla sögunnar í heldur hallærislegri bíóútgáfu.



„Ég blessa þessa mynd!“ King brá sér í hlutverk prests í Pet Sematary.

Reiner tók sinn seinni snúning á King þegar hann kvikmyndaði Misery 1990 en þar fóru Kathy Bates og James Caan með himinskautum í hlutverkum stórslasaðs rithöfundar sem er upp á náð og miskunn hjúkrunarfræðings og mesta aðdáanda hans. Illu heilli er hún snarbiluð og hikar ekki við að hafa áhrif á ritstörfin með eggvopnum og ofsafengnu ofbeldi.

**Blóðug byrjun**

Brian De Palma reið á King-vaðið þegar hann kvikmyndaði fyrstu skáldsögu Kings, Carrie, 1976 og sjálfur Stanley Kubrick tók alkahrollinn The Shining sínum einstöku tökum 1980. Óumdeilt meistaraverk en King hefur þó alla tíð hatast við mynd Kubricks og ekki enn tekið úrvinnslu hans í sátt.

Það stappar nærri sturlun að reyna að flokka og velja bestu myndirnar sem byggja á verkum Kings enda eru mælikvarðarnir margir og ólíkir þar sem jafnvel í draslinu leynist stundum einhver undarlegur galdur.

Þó er óhætt að ráða fólki eindregið frá því að halla sér frekar að þessum nýja tvíleik sem kenndur er við It frekar en samnefndri mínísjónvarpsþáttaseríu frá 1990. Þau ósköp eldast að vísu ekki jafn illa og ætla mætti og þótt Tim Curry standi fyrir sínu sem Pennywise er þetta aðeins fyrir forvitna og allra harðasta King-fólkið.

toti@frettabladid.is



# VERTU MEÐ SVARTA BELTIÐ Í SPARNAÐI!

## NÝSLÁTRAÐ LAMBAKJÖT KOMIÐ Í VERSLANIR NETTÓ!





-45%

**Grísabógsneiðar**
ferskar

**769** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.398 KR/KG



-57%

**Lambagrillsneiðar**
bernaise

**988** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.298 KR/KG



-34%

**Croissant**
m/ súkkulaði

**138** KR/STK
**ÁÐUR:** 209 KR/STK



-40%

**Folaldagúllas**

**1.739** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.898 KR/KG



-30%

**Hágæða hamborgarar**
2 stk - 150 gr

**489** KR/PK
**ÁÐUR:** 698 KR/PK



-28%

**Kjúklingabringur**
grillmarinering

**1.994** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.769 KR/KG




-25%

**Xtra franskar kartöflur**
1 kg

**299** KR/PK
**ÁÐUR:** 399 KR/PK




-20%

**Xtra hvítlauksbrauð**
2 stk

**199** KR/PK
**ÁÐUR:** 249 KR/PK

## ÍSLENSK UPPSKERA Á 30% AFSLÆTTI!



-30%

**nettó**
Lægra verð – léttari innkaup



## VERSLAÐU Á NETINU
## www.netto.is

**Tilboðin gilda 5. - 8. september**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

## ÓDÝRAST Á NETINU Í VEFVERSLUN NETTÓ*

*Skv. könnun Fréttablaðsins

## Haustið er spennandi tími á Rás 1



**Í ljósi sögunnar** fös. kl. 9.05

Vera Illugadóttir skoðar atburðir og málefni líðandi stundar í ljósi sögunnar.

**Heimskviður** fös. kl. 14

Fréttaskýringaþáttur sem fjallar á ítarlegan og lifandi hátt um heimsmálin.

**Skyndibitinn** fös. kl. 16.05

Anna Gyða fær sér skyndibita með fræðafólki.

**Hraði** fös. kl. 18.30

Hraði nútímans skoðaður frá sjónarhóli vísinda, samfélagsins og hversdagsins.

**Daðrað af jaðrinum** lau. kl. 14

Þáttaröð um jaðarsviðslistir á Íslandi.

**RÁS 1** fyrir forvitna




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**07.50 HM í körfubolta** Bein útsending frá leik Brasilíu og Svartfjallalands á HM karla í körfubolta.
**09.50** Kastljós
**10.05** Menningin
**10.15** Átök í uppeldinu
**10.50** Útsvar 2017-2018
**12.20 HM í körfubolta** Bein útsending frá leik Bandaríkjanna og Japan á HM karla í körfubolta.
**14.20** Kínversk áramót - Mestu hátíðahöld heims
**15.10** Popppunktur 2012
**16.10** Landinn 2010-2011
**16.40** Í garðinum með Gurrý
**17.10** Hljómskálinn
**17.40** Sænskar krásir
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01 Netgullið** Leikin norsk þáttaröð um krakkana Noru, Lars og Simen sem dragast inn í óvænta atburðarás þegar Noregur verður fyrir netárás tölvuþrjótsins hættulega, Ramrun, sem vill komast yfir leyndan fjársjóð. Aðalhlutverk: Naomi Hasselberg Thorsrud, Oskar Lindquist og Bjørnar Lysfoss Hagesveen. e.
**18.25** Strandverðirnir
**18.44** Krakkastígur
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00 Óvæntur arfur** Sænskir þættir þar sem þáttastjórnendurnir Kattis Ahlström og Niklas Källner leita uppi fólk sem á rétt á arfi en veit ekki af því.
**21.10 Vammlaus** Önnur þáttaröð þessara bresku þátta um lögreglumenn sem starfa í versta hluta Manchester-borgar þar sem virðist vera ógjörningur að halda uppi lögum og reglu. Meðal leikenda eru: Joanna Scanlan, Elaine Cassidy og Will Mellor. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20 Spilaborg** Sjötta og síðasta þáttaröð Spilaborgar um forsetahjónin Frank og Claire Underwood. Claire hefur tekið við forsetaembættinu eftir andlát Franks en kemst fljótlega að því að hún á ekki marga bandamenn, hvorki innan Hvíta hússins né utan þess. Aðalhlutverk: Robin Wright, Michael Kelly, Diane Lane, Greg Kinnear og Campbell Scott. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.10 Poldark** Fjórða þáttaröð þessara vinsælu bresku þátta. Nú þurfa Ross Poldark og eiginkona hans, Demelza, bæði að horfast í augu við gjörðir sínar og takast á við afleiðingar þeirra fyrir hjónabandið. Ross ákveður að hætta öllu sem honum er kært til þess að hefja feril sem stjórnmálamaður. Aðalhlutverk: Aidan Turner, Eleanor Tomlinson og íslenska leikkonan Heiða Rún Sigurðardóttir, eða Heida Reed. e.
**00.10** Dagskrárlok

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Golfing World 2019
**08.50** Champions Tour Highlights 2019
**09.45** ANA Inspiration
**11.35** RBC Canadian Open
**15.20** Golfing World 2019
**16.10** Champions Tour Highlights 2019
**17.05** US Women's Open 2019
**19.00** US Open 2019
**21.05** Cambia Portland Classic

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.50** Younger
**14.15** Will and Grace
**14.40** Our Cartoon President
**15.10** 90210
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Fam
**20.10** The Orville
**21.00** The Passage
**21.50** In the Dark
**22.35** The Code
**23.20** The Tonight Show
**00.05** The Late Late Show
**00.50** NCIS
**01.35** The First
**02.25** The Handmaid's Tale
**03.20** Kidding
**03.50** SMILF
**04.20** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Ljóðabókin syngur II
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp UngRÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva
**20.35** Mannlegi þátturinn
**21.40** Í ásjónu þinni Dodda: Smásaga
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Samfélagið
**23.00** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**13.00** Swan Princess: A Royal Family Tale
**14.25** Cry Baby
**15.50** Intolerable Cruelty
**17.30** Swan Princess: A Royal Family Tale
**18.55** Cry Baby
**20.20** Intolerable Cruelty
**22.00** Dragonheart
**23.45** 99 Homes
**01.35** London Road
**03.05** Dragonheart

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Friends
**07.45** Gilmore Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Secret Life of a 4 Year Olds
**10.25** Seinfeld
**10.45** Great News
**11.10** Dýraspítalinn
**11.40** Ísskápastríð
**12.10** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** Stepmom
**15.10** All Saints
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** Næturvaktin
**19.50** Fresh Off The Boat
**20.15 Masterchef USA** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni ásamt þeim Aarón Sanchez og hinum eina sanna Joe Bastianich.
**21.00 Alex** Hörkuspennandi sænsk þáttaröð um fyrrverandi lögreglumannninn Alex. Í lok síðustu þáttaraðar skildum við við söguhetjuna þar sem honum hafði tekist að tryggja öryggi fjölskyldu sinnar. Það kostaði hann þó hjónabandið og frelsið þar sem hann situr nú á bak við lás og slá fyrir morð. Lífið innan fangelsismúranna er síður en svo auðvelt fyrir fyrrverandi lögreglumenn og þarf hann að taka á honum stóra sínum ef hann ætlar að komast óhultur í gegnum þessa vist.
**21.50** Animal Kingdom
**22.35** Warrior
**23.25** Who Killed Garrett Phillips?
**00.50** The Victim
**01.50** Born to Kill
**02.40** Born to Kill
**03.30** Stepmom

## STÖÐ 3

**19.10** Mom
**19.35** The Big Bang Theory
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Stelpurnar
**21.15** iZombie
**22.00** Réttur
**22.45** Barry
**23.15** Famous In love
**00.00** American Dad
**00.25** Mom
**00.50** The Big Bang Theory
**01.10** Seinfeld
**01.35** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**06.35** Juventus - Napoli
**08.15** Villarreal - Real Madrid
**09.55** Atletico Madrid - Eibar
**11.40** NFL Hard Knocks: Oakland Raiders
**12.35** Breiðablik - Fylkir
**14.20** Selfoss - FH
**15.50** Armenia - Ítalía
**18.05** Fréttaþáttur Undankeppni EM 2020
**18.35** Færeyjar - Svíþjóð
**20.45** Undankeppni EM - Mörkin
**21.10** Búrið
**21.45** Manstu
**22.35** UFC Now 2019
**23.25** Armenia - Ítalía

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA




**2.599** kr/kg.
**ÞORSKHNAKKAR**
FISHERMAN




**2.099** kr/kg.
**ÝSA Í RASPI**
FISHERMAN




**3.599** kr/kg.
**LAX**
FISHERMAN




**2.299** kr/kg.
**ÝSA**
FISHERMAN

## FISHERMAN FERSKUR FISKUR




**469** kr.
**L'OR KAFFI HYLKI**
10 STK
MARGAR TEGUNDIR




**499** kr.
**LASAGNE**
KNORR
FYRIR 4




**499** kr.
**LASAGNETTE**
KNORR
FYRIR 4

15% AFSIÁTTUR




**499** kr.
**STJÖRNUEGG**
STÓR EGG 12 STK
VENJULEGT VERÐ 569 kr.
Gildir til 10 september
Hámark 2 bakkar í afgreiðslu

Birt með fyrirvara um villur.



SUPER 1
HALLVEIGARSTÍG 1



SUPER 1
SMIÐJUVEGI 2



OPIÐ
10:00 TIL 22:00
ALLA DAGA



Hlynur ásamt Ingvari E. Sigurðssyni og dóttur sinni Ídu Mekkin Hlynsdóttur sem fara með hlutverk í myndinni.



Leikararnir Nína Dögg Filippusdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir og Gísli Örn Garðarsson skemmtu sér vel á hátíðarfrumsýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Högni Egilsson, söngvari Hjaltalín, ásamt unnustu sinni, Snæfríði Ingvarsdóttur leikkonu, sem jafnframt er dóttir leikarans Ingvars E. Sigurðssonar.



Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, hér ásamt Birni Thors.



Emilíana Torrini, Andri Snær Magnason, Frú Vigdís Finnbogadóttir og Margrét Sjöfn Torp. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Persónulegra að frumsýna heima

Kvikmyndin Hvítur, hvítur dagur var frumsýnd á þriðjudagskvöldið fyrir fullu húsi í Háskólabíói en hún er frumraun **Hlyns Pálmasonar** á móðurmálinu.

Hlynur Pálmason, sem er bæði handritshöfundur og leikstjóri myndarinnar, vakti mikla athygli í Danmörku fyrir mynd sína Vetrarbræður á síðasta ári. Sú frumraun Hlyns vann til níu verðlauna á dönsku kvikmyndaverðlaunahátíðinni en þrátt fyrir þessi frábæru viðbrögð ytra ákvað Hlynur að koma heim eftir 12 ára dvöl í Danmörku. Hlynur flutti ásamt fjölskyldu sinni á æskustöðvarnar á Höfn í Hornafirði þar sem fjölskyldan hefur komið sér fyrir í gamalli spennistöð, Stekkakletti. Í kvikmyndinni er það einmitt húsið sem aðalsögupersónan er að gera upp.

**Sorg og þráhyggja**

Kvikmyndin fjallar um Ingimund lögreglustjóra sem Ingvar E. Sigurðsson túlkar af sinni alkunnu snilld. Stjórinn hefur verið í starfsleyfi frá því að eiginkona hans lést óvænt af slysförum. Ingimundur einbeitir sér í sorginni að því að byggja hús fyrir dóttur sína og afastelpu allt þar til athygli hans beinist að manni sem hann grunar að hafi átt í ástarsambandi við konu hans. Fljótlega breytist grunur Ingimundar í þráhyggju og leiðir hann til róttækra gjörða sem óhjákvæmilega bitna einnig á þeim sem standa honum næst.

> ÉG HELD HENNI FINNIST ORÐIÐ HUNDLEIÐINLEGT AÐ SJÁ SIG, SAGÐIST EINMITT VERA KOMIN MEÐ NÓG AF ÞVÍ FYRIR SÝNINGUNA Á ÞRIÐJUDAGINN.

**Í Háskólabíó með ömmu og afa**

Kvikmyndin var frumsýnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor og hlaut mikið lof gagnrýnenda. Jafnframt hefur hún verið valin sem framlag Íslands til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs sem afhent verða í október. Hlynur segir það hafa verið sérstaka tilfinningu að sýna myndina loks á Íslandi eftir að hafa fylgt henni fyrst erlendis.

„Þetta var æðislegt kvöld í alla staði og tilfinningin vissulega sérstök og allt önnur en að sýna myndina erlendis, svo mikið persónulegri. Ég fór oft í Háskólabíó sem krakki því amma og afi bjuggu í Vesturbænum og fóru með mig í sund í Vesturbæjarlauginni og bíó í Háskólabíói. Hópurinn sem vann að myndinni er þéttur og það má eiginlega segja að hver frumsýning sé eins konar „reunion“. Til að mynda þegar við frumsýndum í Cannes vorum við um 30 manns, leikmynd, hljóð, kokkurinn og fleiri,“ útskýrir Hlynur.

**Dóttirin í veigamiklu hlutverki**

Ellefu ára gömul dóttir Hlyns, Ída Mekkín, fer með veigamikið hlutverk í myndinni. „Hún leikur Sölku, barnabarn Ingimundar og demantinn í augum hans. Þeirra samband er eitt það mikilvægasta í myndinni. Á milli þeirra eru góðu stundirnar.“

Hlynur segir það hafa legið beinast við að fá dótturina til að túlka Sölku enda séu skilin á milli vinnu og fjölskyldu ekki mjög afgerandi í hans tilfelli. „Ég hef alltaf unnið mjög náið með fjölskyldu og vinum og dóttir mín hefur bardúsað heilmikið með mér; setið fyrir á myndum og leikið svo þetta var mjög náttúrulegt fyrir hana. Henni finnst þetta gaman og hún nýtur sín í kreatívu samstarfi hópa.“

Aðspurður hvernig henni hafi svo fundist að sjá sig á hvíta tjaldinu svarar Hlynur hreinskilinn: „Ég held henni finnist orðið hundleiðinlegt að sjá sig, sagðist einmitt vera komin með nóg af því fyrir sýninguna á þriðjudaginn.“

**Fleiri klukkustundir í sólarhringnum í Hornafirði**

Fram undan eru svo fleiri sýningar og vinnuferðir til útlanda en hugur Hlyns stefnir augljóslega heim á Hornafjörð þar sem fjölskyldan hefur komið sér fyrir en bæði Hlynur og Hildur eiginkona hans ólust þar upp. „Við búum aðeins fyrir utan Höfn þar sem við erum með hænur og dóttir okkar er virk í hestamennskunni. Þar verður mér mikið úr verki enda virðast fleiri klukkustundir í sólarhringnum þar. Nú þegar við erum komin með þrjú börn finnum við fyrir því hversu mikið frelsið er og tempóið allt annað.“

Næstu verkefni Hlyns eru jafnframt tengd Austfjörðum, bæði hefur hann gert samning við sveitarfélagið um að gera bústað fyrir lista- og kvikmyndagerðarfólk í gömlu spennistöðinni og hefjast handa við næstu kvikmynd en innblásturinn að henni fékk hann úr ljóði Matthíasar Jochumssonar; Volaða land. bjork@frettabladid.is




15% afsláttur af öllum Elizabeth Arden
vörum dagana 5. - 11. september

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Erfitt að reka búð í miðbænum



Helga Lilja hannar undir merkinu Bið að heilsa niðrí Slipp ásamt Stephan Stephensen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í dag opna nokkrir af fremstu fatahönnuðum landsins fatamarkað á Laugavegi 7. Einn af skipuleggjendum markaðarins segir erfitt að reka hönnunarbúð í miðbænum.

Nokkrir af þekktustu fatahönnuðum landsins hafa tekið höndum saman og eru með svokallaðan pop-up markað á Laugavegi næstu þrjá daga. Markaðurinn verður opnaður í dag klukkan tíu og úrvalið verður glæsilegt að sögn Helgu Lilju Magnúsdóttur, sem er ein af skipuleggjendum markaðarins.

**Vörur frá eftirtöldum hönnuðum verða til sölu á markaðinum**

- Bið að heilsa niðrí Slipp
- Eygló
- Helicopter
- Hlín Reykdal
- Huginn Muninn
- Hugleikur Dagsson
- Kismet
- Kyrja
- Milla Snorrason
- Sævar Markús

**Urðu að víkja fyrir túristabúð**

„Mig langaði að halda svona markað af því að ég á ekki lengur búð,“ segir Helgja Lilja hlæjandi.

Hún rak áður búðina Kiosk, fyrst á Laugavegi og síðan í Ingólfsstræti, með fleiri hönnuðum sem margir hverjir selja varning sinn á markaðinum næstu daga.

„Já, stór partur af þeim sem ráku Kiosk með mér er að selja núna á pop-up markaðinum. Ég sakna þess mjög að reka búð en það er erfitt í miðbæ Reykjavíkur. Húsnæðið var alltof dýrt. Fyrst vorum við á Laugaveginum, þar sem nóg var að gera.“

Síðan kom upp sú staða að rífa átti húsnæðið sem búðin var í.

„Svo átti auðvitað að byggja hótel. Síðan var hætt við það og í dag er túristabúð í gamla húsnæðinu okkar.“

**Búðin flutti í Ingólfsstræti**

„Það var mjög erfitt, því þá var hún svolítið úr alfara leið. Túristarnir löbbuðu ekki hliðargöturnar eða fram hjá okkur til að mynda, en svo var leigan líka alltof há. Það var eiginlega bara engin leið að halda úti verslun á þessu svæði.“



Skart frá Hlín Reykdal verður meðal þess sem verður til sölu á markaðinum. MYND/ANNA MAGGÝ

**Erfitt að selja eldri línur**

Hún og hönnuðirnir sem standa að markaðinum sakna margir þess að vera með sjálfstæða sölu, því þá er auðveldara að selja eldri línur. Séu flíkurnar seldar í búðum annarra er sjaldnast í boði að vera með eldra dót á tilboðsverði.

„Þótt varan sé ekki úr nýjustu línunni eða glæný þá er hún samt kannski klassísk og falleg. En sé maður ekki með eigin búðarrekstur, getur maður varla selt hana lengur.“

Helga segir lítið um sjálfstæðar hönnunarbúðir og það séu þá helst íslenskir skartgripahönnuðir sem nái að láta það ganga.

„Það er engin svona samstarfsbúð í miðbænum núna held ég, minnir að það sé ein í Hafnarfirðinum en það gæti verið að ég sé að fara með fleipur.“

Hún segir það þungan róður að vera fatahönnuður á Íslandi.

„Það þarf að flytja allt inn til landsins líka.“



Vörurnar frá Bið að heilsa niðrí Slipp verða til sölu næstu daga á Laugavegi, bæði nýjar og eldri línur. MYND/RUT SIGURÐAR

**Vildi frekar hanna á umhverfisvænni hátt**

Helga var áður með fatalínuna Helicopter sem naut mikilla vinsælda meðal tískudrósa landsins, en flíkur frá merkinu verða til sölu á markaðinum.

„Sú lína er í dvala og ég er mest að hanna undir línunni minni Bið að heilsa niðrí Slipp. Ástæða fyrir því er að BAHNS er mun umhverfisvænna. Með Helicopter var ég mikið að prenta á efni og svo var kannski efni afgangs sem ekki var hægt að nýta í neitt. Í BAHNS er garn sem er alltaf hægt að nota áfram svo nýtingin er betri. Þetta er kallað „slow fashion“.

Á markaðinum verða bæði eldri vörur á góðu verði en nokkrir af hönnuðunum verða líka með nýjustu línur sínar til sölu. Hann verður opinn næstu þrjá daga frá og með deginum í dag og er á Laugavegi 7.

steingerdur@frettabladid.is




NÓA
NÓA
SÚKKULAÐI
KÚLUR
Súkkulaðihjúpaðar súkkulaðikaramellur
Tvöföld
SÚKKULAÐISÆLA!
NÓADAGURINN
Besti dagur vikunnar!




SCAPA




## SAGA
tungusófi

Slitsterkt dökkgrátt Danny áklæði
og ljósir viðarfætur

**Fullt verð: 149.900 kr.**

Aðeins **112.425 kr.**




## RIGO
stóll

Ljós eða dökkbrúnt
Ally áklæði.

**Fullt verð: 49.900 kr.**

Aðeins **39.920 kr.**




## JONNA
svefnsófi

Mjög þægilegur svefnsófi, grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð sófa: 235 x 87 x 85 cm. Svefnsvæði: 200 x 150 cm.

**Fullt verð: 109.900 kr.**

Aðeins **65.940 kr.**




## EL PASO
rafmagnslyftistóll

Þessi hallar til baka, skemill fram og lyftir þér á fætur.



Vandaður lyftistóll. Rafmagni stýrt
með hnöppum á hlið stólsins.
Leður á slitflötum. Grár eða svartur.

**Fullt verð: 169.900 kr.**

Aðeins **118.930 kr.**




## SB – DÚNSÆNG OG -KODDI

Sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður
og 15% hvítur andadúnn. 1.185 gr.
100% bómullarver.

**Fullt verð: 12.900 kr.**

Tilboðsverð **9.030 kr.**

Koddi 50 x 70 cm. 70% smáfiður
og 30% hvítur andadúnn.
100% bómullarver.

**Fullt verð: 6.900 kr.**

Tilboðsverð **4.830 kr.**

SCANDINAVIAN BEDDING

**SB sængur fáanlegar í stærðunum:**
135 x 200 cm
135 x 220 cm
200 x 220 cm

SB-tvennutilboð – aðeins **12.900 kr.** Sæng 135 x 200 cm + koddi




B: 77 D: 35 H: 181 cm

## SEAFORD
bókahilla

6 hillur svartur askur eða vilt eik

**Fullt verð: 39.900 kr.**

Aðeins **31.920 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 11–18.30
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*
*Tilboðin gilda til 30. september 2019 eða á meðan birgðir endast.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Fjörugt haust í fjórum búðum

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

## Láttu drauminn rætast





# NATURE'S REST
## heilsurúm m/Classic botni

Nature's Bedding

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á $m^2$
- Góðar kantstyrkingar




| Stærð í cm | Fullt verð með Classic botni | DORMA HAUSTTILBOÐ |
|---|---|---|
| 80x200 | 55.900 | 44.720 |
| 90x200 | 59.900 | 47.920 |
| 100x200 | 63.900 | 51.120 |
| 120x200 | 69.900 | 55.920 |
| 140x200 | 79.900 | 63.920 |
| 160x200 | 89.900 | 71.920 |
| 180x200 | 99.900 | 79.920 |

DORMA Hausttilboð
20%
AFSLÁTTUR

Þú finnur nýja bæklinginn okkar á www.dorma.is
Spennandi tilboð á 24 síðum

FRÁBÆRT VERÐ

DORMA
Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Benedikts Bóasar Hinrikssonar




## Geggjað að gönna

Ég breytti ferðavenjum mínum í sumar. Skellti mér á rafmagnshlaupahjól og legg núna bílnum langt í burtu og þeysist um með myljandi þungarokk í eyrunum fram hjá umferð sem hreyfist á hraða snigilsins.

Þetta er algjör snilldar ferðamáti en ofboðslega vona ég að aðrir fari ekki að apa eftir mér og þeim fáu sem geta skilið bílinn eftir, því Reykjavíkurborg getur ekki tekið við þeim sem vilja og geta skilið bílinn eftir.

Göngu- og hjólastígar eru flestir þröngir, hrikalega illa farnir og ósléttir með djúpum holum. Með haustinu, þegar rigningin bætist við, myndast pollar af því að ódýrasta tilboðinu var tekið. Og af því að ég vinn í miðbænum þá er nú ekki um auðugan rafmagnshjólagarð að gresja. Þar er maður eiginlega bara fyrir.

Það heyrist stundum eitthvað frá stjórnmálamönnum borgarinnar um að það þurfi að breyta ferðavenjum og fleiri þurfi að taka strætó eða hjóla eða eitthvað þannig. Sem er fínt hjal en ekkert meir. Af hverju ætti maður að taka strætó sem situr í sömu umferðarsúpu og aðrir á einkabílnum? Af hverju ætti maður að skilja bílinn eftir þegar maður þarf að hjóla á stígum sem eru svo illa gerðir að það er borginni til skammar og svona er lengi hægt að telja.

Því biðla ég til þeirra sem eru orðnir leiðir á að vera 70-90 mínútur heim til sín. Ekki gefast upp þó að þið vitið öll að þetta mun aldrei lagast. En bara ekki breyta ferðavenjum. Það er geggjað að gönna, eins og það heitir víst, á hlaupahjólinu sínu um hólótta og vonlausa en tóma stígana. Stígarnir verða fyrst stórhættulegir ef fleiri fara að nota þá.








